



Ársskýrsla 2016

 Rauði krossinn

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
----------------	---

Deildasvið 5

Verkefni deilda 6

Skráning félaga og sjálfboðaliða	6
Einstaklingsaðstoð	6
Fjölskyldumiðstöð	6

Félagsleg einangrun 6

Heimsóknavinaverkefni	6
Strákakaffi	7
Starf með eldri borgurum á Ísafirði	7
Skaðaminnkun	7
Athvörf fyrir fólk með geðraskanir	7
Vinahús og Karlakaffi í Grundarfirði	8
Móttaka nýrra íbúa - fjölmening	8
Aðstoð við heimanám og málörvun	9

Barna – og ungmennastarf 10

Námskeið fyrir börn	10
Ungmennastarf	10
Ungmennaráð	10
Fatasöfnun	10
Rauðakrossbúðir	11
Föt sem framlag	11
Stöðugreiningar og þróun verkefna	12
Málsvarastarf Rauða krossins	12
Málsvarastarf í þágu innflytjenda	13
Vertu næs – átak gegn fordómum	13
Málþing um mannauð innflytjenda	14
Flóttafólk	14

Neyðarvarnasvið 15

Neyðarmiðstöð Rauða krossins 16

Námskeið, fræðsla og æfingar	16
Viðbragðsáætlanir og viðbúnaður	17
Forvarnaverkefnið 3 dagar	17
Sálfélagslegur stuðningur	18
Hjálparsími Rauða krossins 1717	18
Sýnileiki og auglýsingar	18
Símtöl og spjöll	18
Skyndihjálp	19
Námskeið í skyndihjálp í boði víða um land	19
Nýir leiðbeinendur í skyndihjálp	19
Skyndihjálparmaður ársins	19
112-dagurinn	19

Samskiptasvið 20

Kynningar- og markaðsmál 21

Nýr vefur Rauða krossins	21
Kynningarátök	21

Fræðsla og viðburðir 22

Fræðslufundir	22
Aðalfundur Rauða krossins	22
Color Run og „Vertu næs“	22
Hjálpin	22
Rauðakrossvikan	22
Málþing	23
Endurhönnun fatabúða Rauða krossins	23
Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins	23
Alþjóðlegt samstarf	23

Fjölmiðlar	23
Fjölmiðlaumfjöllun	23
Samfélagsmiðlar	24

Fjáraflanir	24
Almennt um fjáraflanir	24
Mannvinir	25
Fataverkefni	25
Erfðagjafir	26
Jólahefti	27
Tombólubörn, minningarkort og smásala	27
Safnanir fyrir neyðaraðstoð	28
Tómstundasjóður	28
Fyrirtækjasamstarf	29
Styrkir	30
Framlög úr ríkissjóði til alþjóðlegra verkefna	30
Jólaaðstoð	31
Áfallasjóður	31

Hjálpar- og mannúðarsvið	32
Umhverfi alþjóðlegs hjálparstarfs og flóttamannamála	33

Evrópa	35
Miðjarðarhaf	35
Björgun flóttafólks og farenta úr sjávarhásku á Miðjarðarhafinu	35
Grænland	35
Armenía og Georgía	35
Hvíta-Rússland	35
Athvarf fyrir fólk með geðraskanir	35
Barátta gegn mansali	36
Brúun hins stafræna bils	36

Miðausturlönd	36
Palestína	36
Sýrland	36
Líbanon	37

Afríka	37
Malaví	37
Sierra Leóne	38
Nám og starfsþjálfun í endurhæfingarathvarfinu í Moyamba	38
Sómalía	39
Heilsugæsla á hjólum	39
Stuðningur við flóttafólk frá Jemen í Sómalíu	40
Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi árið 2016	40
Samanburðartafla 2012 – 2016 yfir fjölda útsendra sendifulltrúa á einu ári	40
Fjölbreytt verkefni víða um heim	41
Alþjóðleg námskeið fyrir verðandi sendifulltrúa	41
Móttaka flóttamanna	42
Hælisleitendur	43
Þjónusta Rauða krossins við hælisleitendur 2014-2017	44
Forsendur þess að Rauði krossinn tók að sér talsmannaþjónustu við hælisleitendur	44
Nánar um þjónustu Rauða krossins við umsækjendur um alþjóðlega vernd	45
Tölfræði hælismála:	46
Fjöldi viðtala talsmanna hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála	46
Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá talsmönnum Rauða krossins	46
Fjöldi birtra ákvarðana hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála (KNÚ)	47
Fjöldi afturkallaðra hælisumsókna	47

Fjármál	48
Tekjur og framlög 2016	49
Lykiltölur úr rekstrinum	49
Tekjur og útgjöld 2016	50



Sveinn Kristinsson formaður Rauða krossins á Íslandi ræðir við sjálfboðaliða í Malaví

Síkvik og sívirk sjálfboðaliðahreyfing

Kæru lesendur

Enn á ný ber fyrir augu ykkar ársskýrslu Rauða krossins á Íslandi, nú fyrir árið 2016. Eins og í undanföllum skýrslum er hér fjallað um starfsemi félagsins, þróun þess og verkefni. Í henni sést gjörla hversu yfirgripsmikið starfið er, hvernig það spannar landið allt og teygist út í fjarlæg heimshorn. Við í Rauða krossinum lítum einmitt okkur nær og líka fjær, mannúðin er okkar hreyfiafl, hvar sem neyð ber að dyrum er alþjóðahreyfing okkar tilbúin að aðstoða, lina þjáningar og styðja fólk til betra lífs.

Árið 2016 var eins og fyrra ár tími breytinga og aukinna verkefna. Ástandið í heiminum er enn sem fyrr viðsjárvert, staðbundin stríð ógna öryggi fólks og afkomu. Þá hafa sviptingar í veðurfari sem vísindamenn rekja til loftslagsbreytinga af mannavöldum í auknum mæli gert sumum fátækustu íbúum jarðarinnar erfitt fyrir, skipst hafa á þurrkar sem eyðilaggt hafa uppskeru og fellt búsmala og flóð sem gera slíkt hið sama og brjóta niður innviði berskjaldaðra samfélaga. Við þessum ógnum getur mannkynið eitt og sameinað brugðist. Um slíka samstöðu dreymir allt friðelskandi og meðvitað fólk.

Þó við búum við ysta haf komumst við ekki hjá því að hræringar í hinum stóra heimi hafi áhrif hér. Verkefni Rauða krossins í þjónustu við flóttamenn og hælsleitendur hafa því aukist ár frá ári. Þar stendur félagið í hringiðunni miðri, starfsfólk þess sem er bæði vel menntað og þjálfað vinnur afrek hvern dag. Ekki eru horfur á að það álag minnki, starfsfólki hefur því verið fjölgað og samningar við ríkisvaldið endurnýjaðir eða framlengdir.

Rauði krossinn á Íslandi starfar af krafti um allt land. Þar hyggur hver deild að sínu samfélagi, greinir þarfir þess og er til staðar ef eitthvað bjátar á. Félagið er einn af burðarásunum í skipulagi almannavarna og hefur áttak í þjálfun, skipulagi og búnaðarkaupum skilað sér þannig að Rauði krossinn er í stakk búinn til að bregðast við áföllum af ýmsum toga. Þeirri uppbyggingu mun haldið áfram, enda ýmis teikn á lofti um að í vændum gætu verið meiri náttúruhamfarir en við höfum upplifað í langan tíma.

Rauði krossinn er síkvik og sívirk sjálfboðaliðahreyfing. Starfsmenn félagsins um allt land vinna störf sín af alúð, en félagið gæti ekki sinnt sínu mikilvæga hlutverki án allra þeirra sjálfboðaliða sem leggja því lið. Félagið er sterkt fjárhagslega en mestur styrkur þess er í sjálfboðaliðunum, þessu merkilega fólki sem gefur dýrmætan tíma sinn til að vinna í þágu samborgara sinna eða er tilbúið að láta af hendi fjármuni eins og Mannvinir gera. Þegar Rauða krossinum eru þökkuð störf eru heiðurinn fyrst og fremst þessa fólks, sjálfboðaliðanna um allt land sem sinna samfélagi sínu af natni og umhyggju. Þeirra er í raun heiðurinn.

Með bestu kveðju
Sveinn Kristinsson
formaður Rauða krossins á Íslandi



Deildasvið

Starf deilda um allt land var gróskumikið sem fyrr. Á aðalfundum á vormánuðum voru kjörnir tíu nýir formenn um land allt. Námskeiðahald var mikið á árinu, m.a. voru haldin námskeið í almennri skyndihjálp fyrir einstaklinga og fyrirtæki, sálrænum stuðningi, um börn og umhverfi og ýmis námskeið tengd verkefnum deildanna. Margar deildir héldu upp á 112 daginn ásamt öðrum viðbragðsaðilum. Þá keyptu deildir í samstarfi við Neyðarmiðstöð neyðarvarnakerrur í öll lögregluumdæmi og var þeim komið fyrir hjá deildum sem búa við aðstæður sem kalla oftár á opnun fjöldahjálparstöðva.

Alltaf er að fjölga deildum sem á einn eða annan hátt standa fyrir samverustundum þar sem sjálfboðaliðar koma saman, styrkja liðsheildina og gera sér glaðan dag.

Tvö fréttabréf voru send út frá deildaþjónustu landsskrifstofu til sjálfboðaliða þar sem sagt var frá helstu verkefnum á sviðinu. Í lok árs kom til starfa starfsmaður á deildasviði sem halda mun utan um fræðslu- og sjálfboðaliðamál félagsins.

Verkefni deilda

Skráning félaga og sjálfbóðaliða

Skráðir félagar í Rauða krossinum eru tæplega 20.000 en af þeim voru 304 nýir skráðir í félagið árið 2016. Nýjar sjálfbóðaliðaumsóknir á árinu voru 728 talsins. Af þeim höfðu 196 einstaklingar þegar hafið störf sem sjálfbóðaliðar við lok árs 2016, 306 hættu við umsókn, 130 umsóknir voru skráðar ósnertar í kerfinu og 96 umsóknir voru í vinnslu í lok árs. Alls luku 236 manns grunnnámskeiði á vef Rauða krossins á árinu.



Bára Ólafsdóttir, Ingibjörg Hjaltalín og Lilja Bögeskov taka virkan þátt í sjálfbóðaliðastarfi Rauða krossins.

Sífelld er unnið að betrubótum á Salesforce gagnagrunninum sem heldur utan um skráningu sjálfbóðaliða, félaga, verkefna og rekstur deilda. Á árinu var lokið við þróun á viðmótinu fyrir ársskýrslur sem unnar eru upp úr framkvæmdaáætlunum. Gerð voru drög að bættum skráningum í heimsóknavinaverkefninu í Salesforce. Eins var unnið við að tengja upplýsingar úr vefmenntakerfinu edx.org við Salesforce, svo skráningar upplýsinga af vefnámskeiðum geti flætt þangað inn.

Í október 2016 gerði landsskrifstofan samkomulag um verkaskiptingu í sjálfbóðaliða- og fræðslumálum við deildir á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. deildirnar í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og Garðabæ. Í samkomulaginu er hlutverk þessara aðila tilgreint nánar. Unnið verður að því að móta verkferla frá móttöku sjálfbóðaliða þar til sjálfbóðaliði lýkur störfum. Samvinna deilda á höfuðborgarsvæðinu er alltaf að aukast, bæði varðandi verkefni og umsýslu verkefna og hafa verið gerðir formlegir samningar þar um.

Einstaklingsaðstoð

Tuttugu og sex deildir veittu neyðaraðstoð til einstaklinga og fjölskyldna fyrir jólin og var heildarkostnaður deilda vegna úthlutana liðlega 5,7 milljónir króna. Flestar deildir á landinu eru í samstarfi við félagsmálafyrirvöld og önnur félagsamtök með neyðaraðstoð fyrir jólin. Nokkrar deildir eru aðilar að sjóðum sem

starfræktir eru allt árið. Deildir á höfuðborgarsvæðinu eru með sameiginlegan sjóð sem starfandi er allt árið, svokallaðan Áfallasjóð. Áfallasjóðurinn úthlutaði tæplega 10 milljónum króna á árinu til skjólstaðinga.

Einnig er starfandi Tólmstundasjóður sem ætlað er að styrkja börn hælisleitenda og flóttamanna búsettra hér á landi og hefur fjöldi barna notið góðs af.

Fjölskyldumiðstöð

Tekin var ákvörðun um að leggja Fjölskyldumiðstöðina í Reykjavík niður eftir 20 ára starf, en stjórn Reykjavíkurborgar taldi sér ekki fært að halda verkefninu áfram þar sem ekki tókst að fá aukinn stuðning frá hinu opinbera til verkefnisins. Á síðasta starfsári sínu studdi miðstöðin við 484 fjölskyldur sem var aukning frá fyrra ári. Innan þessara fjölskyldna voru 1.694 einstaklingar, þar af 962 börn. Heildarfjöldi viðtala var 1.333 og fékk hver fjölskylda að meðaltali 3,1 viðtal. Markmið Fjölskyldumiðstöðvar var að bjóða aðgengilega ráðgjöf, einkum fyrir efnaminni fjölskyldur í vanda. Unnið er að því með stjórnvöldum að þær fjölskyldur fái áfram sambærilegan stuðning og veittur var hjá Fjölskyldumiðstöð.

Félagsleg einangrun

Heimsóknavinaverkefni

Verkefnið fer fram á vegum 30 deilda og er í stöðugum vexti. Landsskrifstofa ákvað að gera úttekt á heimsóknavinaverkefninu, en það hefur verið í gangi frá því um aldamót. Úttektin var unnin af Jóhönnu Rósu Arnardóttur hjá Análýsu, með spurningalistum og viðtölum. Titill skýrslunnar „Ég hlakka til að fá hana í heimsókn“ er nokkuð lýsandi fyrir skoðanir skjólstaðinga sem eru almennt mjög ánægðir með verkefnið. Rúmlega 900 manns njóta góðs af heimsóknum um 375 sjálfbóðaliða. Sjálfbóðaliðarnir skila 13.600 klukkustundum árlega í þessu samfélagsverkefni sem gerir rekstur þess afar hagstæðan. Sjálfbóðaliðar ýmist heimsækja fólk þar sem það býr út af fyrir sig eða á dvalar- eða hjúkrunarheimilum.



Tíkin Dídí og eigandi hennar eru sjálfbóðaliðar í hundavinaverkefninu.



Heimsóknavinur bregður á leik á Barnspítala Hringins

Alls eru tæplega 50 stofnanir heimsóttar. Verkefnið er fjölbreytt og fer allt eftir stöðum og aðstæðum; sumir fá vin heim til sín í spjall, gönguferðir eða ökuferðir. Söngvinir, hundavinir, spilavinir, lestrarvinir, tölvuvinir, heimanámsvinir fara á dvalarheimili og í skóla eða bókasöfn. Annars staðar er þetta í formi opins húss þar sem karlar koma saman, innflytjendur og innfæddir kynnast o.s.frv. Tillögur til úrbóta eftir úttektina fela meðal annars í sér endurskoðun á fræðsluefni, að nýta fjarskiptatæknina til að ná til þeirra sem búa fjærri öðrum og bættu skráningu sjálfboðaliða. Einnig þarf að ná betur til jaðarsettra hópa í samfélaginu og efla samráð við félagsþjónustuna. Þegar hefur verið ráðist í úrbætur og má nefna að nú þegar hefur verið komið á fót svokölluðum símavinum sem gagnast vel þeim sem búa afskekkt eða sem vilja ekki fá fólk heim til sín.

Strákakaffi

Árnesingadeild kom á fót svonefndu Strákakaffi í samstarfi við Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands og Vinnuálastofnun og er ætlað fyrir karlmenn á aldrinum 18 – 30 ára. Markmiðið er að vekja áhuga þeirra á ýmsu öðru en tölvunotkun og virkja til starfa. Komið er saman einu sinni í viku og hefur verkefnið gefist vel.

Starf með eldri borgurum á Ísafirði

Rauði krossinn á Ísafirði vinnur ýmis verkefni með eldri borgurum og heldur t.d. harmonikkuball á miðjum degi þar sem fólk fær tækifæri á að dansa eins og gert var í gamla daga. Alltaf er fullt út úr dyrum á þessum böllum og gerir fólk sér ferð yfir heiðar til að fá sér snúning en einnig mætir fólk frá Byggðasamlagi fatlaðra á Vestfjörðum á þessi vinsælu böll. Þá er deildin með sjálfboðaliða sem fara á stofnanir fyrir eldri borgara og syngja með fólki. Að jafnaði koma milli 15 og 20 sjálfboðaliðar að þessum verkefnum sem miða að því að rjúfa félagslega einangrun fólks. Auk þess eru haldin sérstök öryggisnámskeið fyrir aldraða sem deildin lét útbúa og er námsefnið aðgengilegt fyrir allar deildir á landinu.

Skaðaminnkun

Heimsóknir hafa þrefaldast í Frú Ragnheiði, skaðaminnkunarúrræði félagsins á höfuðborgarsvæðinu, miðað við árið á undan en heimsóknir voru 2.796 á árinu. Er það tilfinning starfsmanna og sjálfboðaliða að það megi að hluta til rekja til þess trausts sem jaðarsettir einstaklingar bera til verkefnisins. Meirihluti skjólstæðinga eru karlmenn eða 75%. Bæði ekur Frú Ragnheiður um höfuðborgarsvæðið á fyrirfram ákveðnum rúnti en skjólstæðingar hafa einnig möguleika á því að hringja í síma Frú Ragnheiðar og voru símtöl alls 746 á árinu. Rauði krossinn í Reykjavík sér um verkefnið.

Konukot er samstarfsverkefni Rauða krossins í Reykjavík og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Aðsókn jókst enn á árinu 2016 og var fjöldi gistinátta 3.083. Konukot nýttist 101 einstaklingi eða tíu fleiri en árið á undan. Alls stóðu 73 sjálfboðaliðar vaktina í Konukoti og skiluðu rúmlega 5.000 vinnustundum. Sérstök áhersla var lögð á að auka aðgengi að heilbrigðisþjónustu sem veitt var í gegnum starfsemi Frú Ragnheiðar.

Athvörf fyrir fólk með geðraskanir

Vesturafli er athvarf á Ísafirði þar sem fólk sem býr við skert lífsgæði á þess kost að rjúfa félagslega einangrun og fá ýmsa þjónustu. Rekstraraðilar eru sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum með aðkomu Rauða krossins í formi sjálfboðaliða og fjárframlags frá sex deildum. Ýmis verkefni eru í gangi og má þar nefna Föt sem framlag, fataflokkun, tiltekt og uppröðun í nytjamarkaði Vesturafli auk þátttöku í Rauða kross bandinu sem syngur og spilar reglulega fyrir eldri borgara. Þessu til viðbótar er ýmislegt annað í boði í húsinu eins og vinnustofa, tölvuaðstaða og setustofa þar sem fólk getur komið saman. Að jafnaði koma 15 manns í Vesturafli en um 40 manns eru með ýmsum hætti tengdir athvarfinu bæði sjálfboðaliðar Rauða krossins, samstarfsaðilar og fleiri. Í byrjun árs 2017 mun Vesturafli flytja í Fjölsmiðju sem hefur verið stofnuð á Ísafirði.

Lautin á Akureyri er rekin undir nafni Rauða krossins, en Akureyrarbær og Geðverndarfélag Akureyrar sjá um reksturinn. Lautin er opin alla virka daga og á laugardögum. Sjálfboðaliðar deildarinnar sjá um opnun og starfsemina á laugardögum og komu átta sjálfboðaliðar að því á árinu.

Gestakomur í athvarfið Vin í Reykjavík voru að meðaltali 34 á dag, en alls koma um 150 einstaklingar í Vin. Reykjavíkurdeild rekur athvarfið í samstarfi við Reykjavíkurborg og hefur Velferðarráðuneytið einnig styrkt verkefnið. Sjálfboðaliðar sem koma að verkefninu eru fimm og starfsmenn fjórir.

Lækur er samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ. Alls voru komur í athvarfið að meðaltali 300 í hverjum mánuði og á árinu samtals 3.347. Sex sjálfboðaliðar koma að starfi Lækjar.

Í byrjun vetrar var lagður grunnur að samstarfi Héraðs- og Borgarfjarðardeildar við geðræktarmiðstöðina Ásheima á Fljótsdalshéraði.

Suðurnesjadeild kemur tímabundið að rekstri Bjargarinnar sem er geðræktarmiðstöð í Reykjanesbæ.

Vinahús og Karlakaffi í Grundarfirði

Vinahús í Grundarfirði er starfrækt tvisvar í viku frá september fram í mars í Sögumiðstöð Grundarfjarðar og voru heimsóknir yfir 500 á árinu. Þeir sem heimsækja Vinahús eru öryrkjar, atvinnulausir og eldri borgarar. Unnið er með hugræn og uppbyggileg verkefni einu sinni í viku svo sem að skerpa minni eða athyglisgáfu og að efla sjálfstraust fólks. Í Vinahúsi er einnig verkefnið Föt sem framlag líkt og um allt land, þar sem ungarnapakkar eru útbúnir og sendir til Hvíta Rússlands. Verkefnið gefur fólki kost á að láta gott af sér leiða í þágu þeirra sem minna mega sín.

Einnig er starfrækt Karlakaffi þar sem karlmenn á öllum aldri hittast og ræða málin. Fyrirkomulagið hefur gengið vel fyrir sig, karlmenn bæjarins hafa verið duglegir að mæta eða um 24 að jafnaði og margir þeirra missa ekki úr dag.

Móttaka nýrra íbúa - fjölmening

Stjórnvöld ákváðu að taka á móti 56 kvótaflóttamönnum frá Sýrlandi á árinu 2016 og fóru fjölskyldurnar til Akureyrar, Kópavogs og Hafnarfjarðar. Sjálfboðaliðar frá þessum deildum mynduðu stuðningsfjölskyldur og standsettu m.a. íbúðir fyrir flóttamennina. Til viðbótar fengu 111 einstaklingar sem komu á eigin vegum alþjóðalega vernd hér á landi.

Síðari hluta ársins byrjaði nýtt verkefni hjá Eyjafjarðardeild þar sem sjálfboðaliðar voru með íslenskupjálfun

fyrir fullorðna flóttamenn frá Sýrlandi. Þeir hittu skjólstæðinga sína einu sinni til tvisvar í viku, tvær klukkustundir í senn og aðstoðuðu með heimanám og málörvun. Alls komu fjórir sjálfboðaliðar að því verkefni.



Hátíðarhöld á Akureyri á þjóðhátíðardeginum, 17. júní.

Í nóvember fluttu tvær fjölskyldur flóttamanna til Ísafjarðar sem fengu dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Það gekk vel að fá sjálfboðaliða í verkefnið og eru vinfjölskyldur ánægðar í verkefninu. Margir komu að móttökunni og veittu margháttaða aðstoð til þess að móttakan gengi sem best fyrir sig. Verkefnið á Ísafirði var tilraunaverkefni þar sem sveitarfélag, Íbúðalánasjóður og Fjölmeningarsetur unnu að því að taka á móti flóttafólki.



Starfið í Vin er fjölbreytt

Starf með hælisleitendum er stærsta verkefni Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ. Verkefnið hefur þróast frá því að vera eingöngu heimsóknir til hælisleitenda yfir í að vera fyrst og fremst félagsstarf fyrir hælisleitendur. Markmið félagsstarfs og heimsókna er að koma í veg fyrir einangrun, skapa jákvæða upplifun af Íslandi og vinna að gagnkvæmri aðlögun. Mikil fjölgun var í hópi hælisleitenda á árinu, en alls nutu 1.132 hælisleitendur þjónustu hjá deildinni sem er um þreföldun frá árinu 2015. Í lok árs voru sjálfboðaliðar í verkefninu komnir upp í 80 manns, þar af 25 sem voru mjög virkir. Verkefni sem þetta er mjög krefjandi og reynir mikið á úthald og þrek sjálfboðaliða.

Opið hús fyrir innflytjendur er verkefni sem Reykjavíkurdeild hóf í byrjun árs 2016 og er það starfandi tvisvar í



Margir nýta sér aðstoð við heimanám

viku. Tilgangur verkefnisins er að veita einstaklingum sem fengið hafa stöðu flóttamanna, sem og öðrum innflytjendum, aðstoð við ýmis praktísk úrlausnarefni og stuðning við að fóta sig í íslensku samfélagi. Á árinu nýttu 163 einstaklingar sér þetta úrræði, langflestir voru að leita að leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. Alls komu 25 sjálfboðaliðar að verkefninu.

Rauði krossinn í Snæfellsbæ fór af stað í byrjun árs 2015 með verkefni sem miðar að því að efla þátttöku erlendra kvenna í samfélaginu. Skipuleggjendur eru sjálfboðaliðar úr hópi kvenna í Rauða krossinum í Snæfellsbæ. Lögð er áhersla á að íslenskar konur taki þátt, þannig að brú byggist á milli kvennanna. Konurnar hittast í Ólafsvík og eru samverustundirnar auglýstar í bænum. Ekki er sett upp sérstök dagskrá heldur er um samveru að ræða.

Deildirnar á Vestfjörðum hafa á ýmsan hátt styrkt og tekið þátt í menningarlega fjölbreyttum verkefnum um árabíl. Rauði krossinn í Önundarfirði hefur lengi verið með fjölmennningarlegar uppákomur á Flateyri þar sem fólk kemur saman í Félagsbæ og lærir ýmislegt nýtt hvert af öðru. Vinsælust eru matarkvöldin þar sem fólk er með sýnikennslu í eldamennsku frá sínu heimalandi og að því loknu borða allir saman. Einnig eru þrjónastundir, vinna við handverk og ýmis konar fræðsla.

Hjá Kópavogsdeild fór verkefnið Alþjóðlegir foreldrar aftur í gang með vikulegum samverustundum og komu fjöldamargir að því verkefni með fræðslu og skemmtun. Í heildina tóku 50 foreldrar þátt, frá 22 þjóðlöndum. Kópavogsdeild hefur einnig staðið að verkefninu Brjótum ísinn – þjóðum heim þar sem einstaklingar og fjölskyldur af erlendum og innlendum uppruna bjóða heim í mat eina kvöldstund og kynnst.

Á vegum Vopnafjarðardeildar kynna innflytjendur matarmenningu frá heimalöndum sínum í grunnskólanum og á dvalarheimili sveitarfélagsins. Héraðs- og Borgarfjarðardeild hélt matreiðslukvöld þar sem fólk frá ólíkum þjóðlöndum kom saman og eldaði rétti frá heimalandi sínu. Í Rauða kross húsinu á Akranesi eru rekin fjölbreytt verkefni með innflytjendum, svo sem „Gaman saman“, skvísuhópur og matarhópur. Þingeyjarsýsludeild vinnur að aðlögunarverkefni á Kópaskeri og gengur það vel.

Aðstoð við heimanám og málörvun

Heimanámsaðstoð er vaxandi verkefni deilda Rauða krossins. Sjálfboðaliðar Eyjafjarðardeildar voru með málörvun fyrir börn innflytjenda í þremur grunnskólum á Akureyri þar sem sjálfboðaliðar hittu skjólstæðinga sína vikulega í 40 mínútur í senn. Alls komu 13 sjálfboðaliðar að verkefninu auk starfsmanna viðkomandi skóla.

Á árinu hafa sjálfboðaliðar staðið fyrir heimanámsaðstoð í bókasafni Reykjanesbæjar undir nafninu Heilakúnstir. Það verkefni fékk tilnefningu til Hvatningarverðlauna Reykjanesbæjar árið 2016.

Vestmannaeyjadeild aðstoðar við lestur og heimanám hjá börnum sem eru af erlendu bergi brotin. Þetta er í samstarfi við bókasafnið, grunn- og framhaldsskólann. Héraðs- og Borgarfjarðardeild býður upp á heimanámsaðstoð og spjall á bókasafninu. Íslenskukennsla og æfingar fyrir innflytjendur er í boði hjá Reyðarfjarðardeild og fer hún fram á bókasafninu.

Tölum saman verkefnið hófst árið 2014 á Patreksfirði og er í samvinnu við félagsþjónustu Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Fólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli kemur saman ásamt sjálfboðaliðum Rauða krossins og fær innsýn í mannlífið á svæðinu og þjálfar íslensku um leið. Í hópi sjálfboðaliða eru meðal annars

kennarar en fjórir þátttakendur voru í verkefninu á árinu. Sjálfboðaliðar Reykjavíkurdeildar taka á móti nemendum á bókasöfnum einu sinni í viku og aðstoða þá við heimanám í verkefninu Heilahristingur. Lögð er áhersla á að ná til barna og ungmenna sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Árið 2016 fór aðstoðin fram á sex stöðum í borginni. Heimanámsaðstoð fyrir framhaldsskólanema og fullorðna íslenskunema er staðsett í Borgarbókasafninu Grófinni við Tryggvagötu. Sjálfboðaliðar voru 31 og þeir sem nutu góðs af 58.

Verkefnið *Viltu tala meiri íslensku?* á vegum Kópavogssdeildar var nýlega fært inn í Rauðakrossbúðina í Mjóddinni. Þar hitta sjálfboðaliðar innflytjendur á kaffistofunni en einnig verður aðstaðan nýtt á ýmsan máta til að aðstoða innflytjendur við að læra tungumálið.

Barna – og ungmennastarf

Námskeið fyrir börn

Samstarf hefur verið við grunnskóla um námskeiðin Börn og umhverfi. Námskeið felur m.a. í sér skyndihjálp, mataræði barna og fleira. Skólarnir flétta námskeiðið inn í stundaskrá hjá sér og með því næst til breiðari hóps barna og strákar jafnt sem stelpur taka námskeiðið. Skólarnir greiða gjarnan laun leiðbeinenda en deildirnar leggja til námsefnið. Margar deildir félagsins bjóða upp á námskeiðið þar fyrir utan og á landinu öllu sóttu 320 börn námskeiðið árið 2016.



Sumarnámskeiðið Gleðidagar var haldið á vegum deildanna á Vestfjörðum. Á námskeiðinu sem er vikulangt fá þátttakendur fræðslu í tengslum við hugsjónir Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Þátttakendur fræðast um starf Rauða krossins og hugsjónir hans, skyndihjálp, mismunandi menningarheima og umhverfið. Farið er í vettvangsferðir, leiki, sagðar sögur, settir á svið leikþættir, teiknað, málað og

föndrað. Sjúkraflutningafólk og slökkviliðsfólk kemur í heimsókn. Í lok námskeiðs er foreldrum boðið á sýningu þar sem sköpunarverk eru til sýnis og leikþættir í tengslum við viðfangsefni námskeiðsins. Eldri borgarar eru sjálfboðaliðar á námskeiðunum og koma inn í fræðslu og söng með börnunum.

Ungmennastarf

Rauði krossinn í Reykjavík hóf skipulagt ungmennastarf að nýju árið 2016 og þar er nú samankominn öflugur hópur sjálfboðaliða. Markmiðið er að skapa vettvang fyrir unga sjálfboðaliða til að vinna að hugsjónum hreyfingarinnar. Sjálfboðaliðar í verkefninu eru 25.

Nokkrar deildir eru með félagsstarf fyrir börn og ungmenni þar sem fram fer fræðsla um Rauða krossinn. Boðið er upp á afmörkuð verkefni sem eru sérstaklega ætluð ungmennum auk þess sem fjölmargar deildir eru í samstarfi við skóla og félagsmiðstöðvar með ýmsa fræðslu og samstarf. Barnastarf er fastur liður í starfi Akranesdeildar. Stöðvarfjarðardeild heldur utan um félagsstarf í félagsmiðstöðinni í samstarfi við Fjarðarbyggð. Margir hópar skóla- og leikskólabarna koma á hverju ári í húsnæði Eyjafjarðardeilda á Akureyri þar sem þau eru frædd um Rauða krossinn og starfsemi deildarinnar. Ungmennastarf Hafnafjarðar- og Garðabæjardeildar lagðist niður á árinu.

Ungmennaráð

Ping Ungmennahreyfingar Rauða krossins fór fram í byrjun apríl. Að þessu sinni tóku sæti í stjórn tveir nýir fulltrúar, þær Kristín Helga Magnúsdóttir og Guðný Þóra Guðrúnardóttir.

Í mars funduðu formenn og fulltrúar ungmennahreyfinga á Norðurlöndum í Helsinki þar sem línur voru lagðar fyrir næstu ár í Norðurlandasamstarfi og verkefni ungmennahreyfinga landanna kynnt og rætt um hverju megi breyta og bæta. Formaður URKÍ sat einnig ungmennafund landsfélaga Evrópu og Vestur Asíu landa (EYCM) í Svartfjallalandi í maí. Niðurstöður þess fundar má finna á vef Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Fjögur ungmenni fóru sem leiðbeinendur í alþjóðlegar sumarþing ungmenna Rauða krossins.

Áhugi ungs fólks á að vinna með nýjum íbúum landsins kemur glögglega fram í sjálfboðaliðahópi í félagsstarfi hælisleitenda þar sem meðalaldur sjálfboðaliða er 27 ár.

Fatasöfnun

Fatasöfnun Rauða krossins gekk vel á árinu. Stendur þar upp úr að fatamagnið jókst á milli ára um 500 tonn. Heildarmagn útflutnings varð þannig 2.719.870 kg. Þetta kostar mikla vinnu og álag er á starfsfólki og sjálfboðaliðum fatasöfnunar. Skráðar vinnustundir sjálfboðaliða í flokkunarstöð voru 5.071 klukkustundir.



HÖFUM OPNAÐ AFTUR BÚÐINA OKKAR Í MJÓDDINNI EFTIR MIKLAR OG GÓÐAR BREYTINGAR

FULL BÚÐ AF „NÝJUM“ FÖTUM,
VEFNAÐARVÖRU OG NYTJAHLUTUM

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR



RAUÐAKROSSBÚÐIRNAR

LAUGAVEGI 116 • SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12
MJÓDD • STRANDGÖTU 24

Auglýsing fyrir opnun Rauðakrossbúðarinnar í Mjódd

Eins og áður nýtur fatasöfnun Rauða krossins góðs af vinnu samfélagsþjóna, hælisleitenda, dvalargesta Verndar og annarra sjálfboðaliða. Starfsmenn fatasöfnunar í flokkunarstöð eru nú sjö.

Gengispróun er útflytningi notaðs fatnaðar ekki hagstæð. Þannig urðu tekjur fatasöfnunar af útflytningi heldur minni en áður þó tekjurnar í evrum hafi aldrei verið meiri.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins slá ekki slöku við í að útbúa barnafatapakka. Sendir voru tveir gámar til Hvíta-Rússlands og hafinn undirbúningur að næstu sendingu. Alls voru send um 20 tonn af barnapökkum og öðrum fatnaði ásamt 14 sjúkrarúmum.

Alls fengu verslanir og deildir um allt land 65 tonn af fatnaði hjá fatasöfnun til að úthluta til einstaklinga eða selja á sínu svæði. Breyting varð á úthlutun fatnaðar til einstaklinga á suðvesturhorninu, í stað þess að mæta í fataúthlutun og fá föt þar fá einstaklingar fatakort sem gilda fyrir úttekt í verslunum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Alls var verslað með fatakort fyrir 27,8 milljónir króna og í heildina um tvö þúsund einstaklingar sem fengu aðstoð með þessum hætti.

Rauðakrossbúðir

Rauðakrossbúðirnar eru 11 talsins, fimm búðir á höfuðborgarsvæðinu og sex á landsbyggðinni. Rauði krossinn í Kópavogi sér um rekstur búðanna á höfuðborgarsvæðinu. Búðirnar á landsbyggðinni eru reknar af Eyjafjarðardeild, Eskifjarðardeild, Héraðs- og Borgarfjarðardeild, Stöðvarfjarðardeild, Suðurnesjadeild og Borgarfjarðardeild. Héraðs- og Borgarfjarðardeild rekur einnig nytjamarkað í sama húsnæði og Rauðakrossbúðin er. Nokkrar deildir á landsbyggðinni halda markaði reglulega og selja föt þó svo ekki sé um eiginlegan búðarekstur að ræða. Almennt hefur orðið samdráttur í rekstri búðanna á höfuðborgarsvæðinu og það sama á við á Akureyri. Búðirnar í Mjódd og við Hlemm voru teknar í gegn á árinu og auk þess var ný búð opnuð að Skólavörðustíg 12.

Föt sem framlag

Verkefnið Föt sem framlag er fjölmennasta sjálfboðaliðaverkefni Rauða krossins með 389 sjálfboðaliða hjá 25 deildum. Verkefnið er tvíþætt; sjálfboðaliðar þrjóna og sauma föt sem seld eru hjá deildum og/eða útbúa ungbarnapakka og fatapakka fyrir eldri börn sem sendir eru til hjálparstarfs í Hvíta-Rússlandi. Sendir voru

út alls 7.728 barnapakkar, 4.356 fyrir ungbörn og 3.372 fyrir eldri börn.



Eldhressar konur í kvennadeild Rauða krossins í Reykjavík útbúa pakka með ullarfatnaði til grænlestra barna

Öflugur hópur sjálfboðaliða sem bæði þrjónar og saumar kemur saman hjá deildum meðan aðrir sjálfboðaliðar vinna heima hjá sér og færa deildum afraksturinn. Einnig eru sjálfboðaliðar hjá mörgum deildum að þrjóna húfur og vettlinga, sem dreift er til þeirra sem þurfa.

Stöðugreiningar og þróun verkefna

Sífelld er leitast við að bæta verkefni félagsins með þarfir skjólstæðinga í huga. Á árinu voru stöðugreiningar unnar með deildunum í Skagafirði, Héraðs- og Borgarfirði, Seyðisfirði, Vopnafirði, Djúpavogi, Árnessýslu, Reykjanesbæ og Mosfellsbæ. Þá er farið yfir stöðuna á svæði deildarinnar með deildafólki og starfsfólki úr félagsþjónustunni, skólakerfinu, heilsugæslunni o.fl. Skoðað er hvaða hópar eða einstaklingar eru berskjaldaðir, hvað verið er að gera í þágu þessa fólks og hvernig Rauði krossinn muni beita sér í framhaldinu. Í kjölfarið er skerpt á verkefnum, þau aðlöguð nýjum aðstæðum, mótuð ný verkefni eða lögð drög að samstarfi við aðra aðila. Unnið er að þróun á núverandi verkefnum og var í því skyni gerð úttekt á heimsóknarvinaverkefni Rauða krossins, sjá umfjöllun undir þeim lið.

Málsvarastarf Rauða krossins

Málsvarastarf er eitt af skylduhlutverkum Rauða kross hreyfingarinnar. Það felst í því að tala máli þeirra hópa og einstaklinga sem minnst mega sín á hverjum tíma í samfélaginu með það fyrir augum að bæta aðstæður þeirra. Málsvarastarfið byggir ávallt á grundvallar-markmiðum hreyfingarinnar og þá aðallega markmiðunum um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði sem og stefnu félagsins á hverjum tíma. Starfið fer fram með margvíslegum hætti, svo sem með beinum viðræðum og samningum við yfirvöld, kynningar- og fræðslustarfi bæði til félagsmanna og út

á við, herferðum um ýmis málefni, opnum fundum og ráðstefnum, fréttaflokkum af áherslum og verkefnum félagsins, fjölmiðlaumfjöllunum, umsögnum um þingmál og áhrif á stefnumótun yfirvalda.

Rauði krossinn gerir reglulegar kannanir á því hvaða hópar það eru sem þarfnast mestar aðstoðar hverju sinni. Síðasta könnun var gerð árið 2014 og nefnist Hvar þrengir að? en í kjölfarið fór fram umræða innan félagsins um niðurstöður og hvaða málefni skyldi leggja áherslu á næstu árin. Ákveðið var að beina sjónum einkum að aðstæðum innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda, félagslega einangraðra, ungra óvirkra í atvinnuleit, þeirra sem þiggja fjárhagslega aðstoð og glíma við fátækt. Árið 2015 samþykktu Rauði krossinn á Íslandi og íslensk stjórnvöld sameiginlegar skuldbindingar á ríkjaráðstefnu Rauða kross hreyfingarinnar og var ein þeirra um aukna aðstoð við fórnarlömb mansals og að tala máli þeirra. Kastljósinu er því beint að ofangreindum málaflokkum í málsvarastarfi félagsins þessi misserin. Að auki talar Rauði krossinn einnig máli allra annarra skjólstæðinga sinna með verkefnum í þeirra þágu, svo sem fórnarlamba átaka og hamfara innanlands og utan.



Sýrlensk fjölskylda á sjálfboðaliðahátíð

Rauði krossinn á aðild að Velferðarvaktinni sem ætlað er að vinna að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni. Velferðarvaktin er óháður greiningar- og álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka og fylgir þeim eftir. Í vaktinni sitja fulltrúar félagasamtaka, aðila vinnumarkaðarins, ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga. Velferðarvaktin sendi stjórnvöldum tillögur í sex liðum um aðgerðir til að vinna bug á fátækt og fylgir þeim eftir. Tillögurnar lúta að barnabótum og barnatryggingum, viðmiðum til lágmarksframfærslu, húsnæðismálum, kostnaði við grunnþjónustu, samhæfingar mála innan félagsþjónustunnar og samvinnu við félagasamtök. Einnig hefur verið unnið að þróun svo-

kallaðra félagsvísa sem eru nú eitt mikilvægasta verkfærið við vöktun á þeim hópum sem hvað höllustum fæti standa. Vísarnir sýna að í stórum dráttum hefur þróunin verið í rétta átt á undanförunum tveimur árum. Gögn benda til þess að staða fólks á húsnæðismarkaði og heilsufar séu lykilþættir til að spá fyrir um sára fátækt. Fram kemur einnig að einhleyp, barnlaust fólk og einstæðir foreldrar og börn þeirra eru í meiri hættu en aðrir á að lenda í þeim hópi sem býr við sára fátækt. Velferðarvaktin hvatti einnig sveitarfélög til að lækka kostnað foreldra við skólagöngu barna hvað varðar ríttföng og skólamáltíðir.



Tveir vinir leika sér í snjónum á Akureyri

Málsvarastarf í þágu innflytjenda

Á síðustu tveimur árum hefur borið mest á málsvarastarfi félagsins í þágu innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks. Innflytjendum fer hratt fjölgandi hér á landi og líkur eru á að fjöldi þeirra fari enn vaxandi ef marka má spár aðila á vinnumarkaði. [Samtök iðnaðarins telja vinnumarkaðinn þurfa um 2.000 nýja starfsmenn erlendis frá árlega næstu 15 árin](#) en helst vantar starfskraft í ferðapjónustu, byggingariðnaði og velferðapjónustu. Fjöldi áskorana fylgir þróun fjölmenningsamfélags, aðlögunin verður að vera gagnkvæm og þeir sem fyrir eru að taka ríka ábyrgð á því starfi. Um þessa afstöðu Rauða krossins var samþykkt sérstök ályktun á aðalfundi í maí 2016. Þar segir meðal annars:

Byggjum betra samfélag, nýtum kosti fjölbreytileikans og tökumst á við áskoranir sem honum fylgja. ... Rauði krossinn hvetur stjórnvöld og landsmenn alla til að stuðla að friðsamlegri og vinsamlegri sambúð allra íbúa landsins sem grundvallast á sterkri lýðræðishefð, samfélagsþátttöku og mannréttindum. Það er samfélaginu til hagsbóta að allir búi við jöfn tækifæri til áhrifa, samræðu og þátttöku. Þannig njótum við öll þess félagsauðs sem verður til í fjölbreyttu samfélagi.

Ennfremur segir að sjálfbóðaliðar og starfsfólk Rauða krossins leggi áherslu á að:

- Allir geti tekið þátt í starfi Rauða krossins á jafnréttisgrundvelli.

- Bera jafna virðingu fyrir öllum, óháð uppruna eða lífsskoðunum.
- Vinna í þágu berskjaldaðra með grundvallarsjónarmið okkar um mannúð, hlutleysi og óhlutdrægni að leiðarljósi.
- Berjast gegn fordómum, mismunun og hatursorðræðu sem beinist að fólki vegna þjóðernis, menningar, trúar eða skoðana.

[Gerðar hafa verið rannsóknir þar sem sýnt hefur verið fram á að fólk af erlendum uppruna verður fyrir duldu fordómum á íslenskum vinnumarkaði.](#) Því var ráðist í átakið *Vertu næs* gegn fordómum, sem beint er til almennings.




Vertu næs átakið naut góðs veglegra styrkja

Vertu næs – átak gegn fordómum

Vertu næs átakið Rauða krossins var hleypt af stokkunum í mars 2015 og haldið áfram af krafti 2016. Átakinu er ætlað að höfða til almennings og vera vitundarvakning um það fjölmenningsamfélag sem þróast hefur á síðastliðnum árum. Meginhluti þessa átaks felst í fræðslustarfi um fordóma, staðalmyndir, kosti og áskoranir fjölmenningsamfélagsins.

Upplýsingar um átakið má finna á sérstakri vefsíðu Vertu næs. Auglýsingar átaksins voru áberandi í tengslum við litahlaupið, Color Run, þar sem allir taka þátt, hver með sínum lit. Rauði krossinn tók virkan þátt í hlaupinu, sjálfbóðaliðar og starfsmenn bæði hlupu og aðstoðuðu við framkvæmdina og eins var hlaupið vel auglýst á miðlum félagsins. Vertu næs átakið naut góðs af veglegum styrk frá aðstandendum hlaupsins og Alvogen lyfjafyrirtækinu og gerði félaginu kleift að halda fræðslustarfinu áfram.

Fræðslan er ætluð skólum, vinnustöðum og sjálfbóðaliðum félagsins en fyrirlesarar eru sérfræðingar í fjölmenningu. Á árinu 2016 heimsóttu þau 74 skóla og vinnustaði um allt land og hittu rúmlega fimm þúsund manns, mest nemendur grunn- og framhaldsskóla og



Teiknarinn Rán Flygenring teiknaði þessar myndir á málþinginu um mannað innflytjenda.

fræddu og ræddu um fordóma og fjölmenningu. Einnig voru haldin námskeið á níu stöðum um landið fyrir um 130 sjálfboðaliða félagsins. Ljóst er að þarft er að ræða þessi mál en umræður hafa verið miklar eftir fyrirlestrana, en þær hafa verið opnar og jákvæðar. Inni á Vertu næs síðunni er jafnframt mikið efni sem nýtist nemendum og kennurum í umfjöllun um þetta brýna málefni.

Málþing um mannað innflytjenda

Rauði krossinn stóð einnig að málþingi um mannað innflytjenda í samráði við fjölda aðila sem vinna á þeim vettvangi. Gerðar voru sérstakar auglýsingar vegna málþingsins sem vöktu mikla athygli. Í þeim lýsa innflytjendur reynslu sinni af því að fá nám og störf sín metin.

Í erindum og umræðum var skoðað hvernig tekið er á móti fólki sem hefur allra handa þekkingu og reynslu sem gagnast gæti samfélaginu, hvernig innflytjendum sjálfum tekst að nýta þekkingu sína hér og eins hvaða menntunarþarfir fólk hefur sem hingað kemur. Eliza Reid, forsetafrú opnaði þingið og brýndi gesti til dáða í þessum mikilvæga málaflökki. Fulltrúar atvinnulífs, menntageirans og innflytjenda sjálfra lýstu reynslu sinni. Viðleitni margra er góð en alltaf má gera betur. Sem dæmi fæst menntun ekki auðveldlega metin, fordómar ríkja í garð innflytjenda á vinnumarkaði, íslenskukunnátta er stór hindrun en íslenskunám er þó víða óaðgengilegt og misjafnt að gæðum og það er hvorki yfirsýn yfir þá færni sem innflytjendur koma með með sér né þær þarfir sem þeir hafa varðandi störf og menntun, svo sem lestrarkunnátta á eigin móðurmáli. Félagið mun fylgja þessum niðurstöðum eftir. Vert er að geta þess að ný framkvæmdaráætlun um málefni innflytjenda, sem

samþykkt var á Alþingi á síðasta ári, tekur á ýmsum þessara mála. Áætlunin er á forræði velferðarráðuneytisins og félagið er samstarfsaðili um úrbætur á ýmsum sviðum.

Rauði krossinn rekur auk málsvarastarfsins fjölda verkefna í þágu innflytjenda. Reynslan sem hlýst af verkefnunum hefur síðan aftur áhrif á áherslur í málsvarastarfinu hverju sinni.

Flóttafólk

Fjöldi þeirra sem lögðu á flóttu frá heimalöndum sínum vegna átaka og harðinda, svo sem frá Sírylandi, jókst mjög árið 2016. Langflestir leita til nágrannalanda sinna en hluti flóttafólks leggur á sig langt og strangt ferðalag til Evrópu og sumir alla leið til Íslands. Rauða kross hreyfingin berst alls staðar fyrir því að réttindi flóttafólks séu virt og það fái nauðsynlega aðstoð. Mikið af málsvarastarfi í þágu hælisleitenda og flóttafólks fer fram með viðræðum við stjórnvöld auk umsagna um frumvörp og þingsályktunartillögur. Undanfarið hefur meðal annars verið unnið að því að stytta málsmeðferðartíma hælisleitenda, fylgjast með aðbúnaði þeirra og jafna aðstöðumun þeirra flóttamanna sem boðið er hingað á vegum stjórnvalda og þeirra sem fá hér vernd eftir umsókn um hæli. Rauði krossinn gaf meðal annars umsagnir um frumvarp um ný útlendingalög og tillögu að stofnun embættis umboðsmanns flóttamanna.



Neyðarvarnasvið

Neyðarvarnir eru skylduverkefni allra deilda og eina verkefni Rauða krossins á Íslandi sem bundið er í landslög. Deildir um allt land bregðast við fjölda alvarlegra atburða, s.s. náttúruhamförum, samgönguslysum, húsbrunum og fleiru. Á árinu 2016 voru skráðar 75 neyðaraðgerðir. Atburðum tengdum ferðaþjónustu og ferðamennsku fjölga sífelld, s.s. rútuslysum og öðrum slysum. Kraftur var í forvarnarverkefninu 3 dagar á árinu, en það miðar að því að efla viðnámsþrótt landsmanna ef rof verður á innviðum.



Flugslysaæfing í Keflavík

Neyðarmiðstöð Rauða krossins

Talsverð reynsla er komin á starfsemi Neyðarmiðstöðvar Rauða krossins, sem tók til starfa í árslok 2013.

Megináherslur í starfi Neyðarmiðstöðvarinnar eru:

- Öflug samhæfing á neyðartímum.
- Vöktun á náttúruvá og öðrum ógnum.
- Leiðandi afl í áfallahjálp á Íslandi.
- Símsvörun allan sólarhringinn.
- Þjálfun viðbragðsliðs um allt land.
- Öflugur samskiptabúnaður.

Starfsmenn Neyðarmiðstöðvar leggja mikla áherslu á að virkja öfluga sjálfbóðaliða og líta á það sem sitt aðalhlutverk að byggja upp sterk og vel mönnuð sjálfbóðaliðateymi sem leiða neyðarviðbrögð Rauða krossins þegar kallið kemur. Innan Neyðarmiðstöðvar starfa eftirfarandi sérhæfðir hópar:

- Bakvaktarteymi sem stýrir öllum umfangsminni aðgerðum og kemur að stjórnun stærri aðgerða.
- Viðbragðshópur sem bregst við hvers kyns atburðum svo sem húsbrennum, rútuslysum, vinnuslysum, allt upp í náttúruhamfarir og stórslys.
- Áfallateymi sem veitir handleiðslu, ráðgjöf, fræðslu og sálfræðiviðtöl fyrir þolendur alvarlegra atburða. Þá veitir teymið ýmsum hópum Rauða krossins ráðgjöf og handleiðslu, m.a. þeim sem starfa með flóttafólki og hælisleitendum.

- Búnaðarhópur sem tryggir að tæki og búnaður Rauða krossins séu útkallshæf á hverjum tíma.
- Skyndihjálparhópur sem veitir sjúkragæslu á mannamótum en er einnig kallaður til í hópslys og umfangsmeiri atburði.

Námskeið, fræðsla og æfingar

Námskeiðið Inngangur að neyðarvörnum var haldið fjórum sinnum árið 2016. Námskeiðin voru haldin á Akranesi, Egilsstöðum, Eskifirði og Borgarnesi. Alls sóttu 48 þátttakendur námskeiðin.

Sérstakt námskeið var haldið í sjálfbóðaliðastjórnun á neyðartímum fyrir starfsfólk Rauða krossins. Þá var boðað til sérstakra fræðslufunda fyrir kvenfélög í Árnes- og Rangárvallasýslu til að efla viðbúnað á svæðinu. Nokkrir starfsmenn Rauða krossins sátu þriggja daga langt námskeið í Samhæfingarstöð almannavarna.

Æfingar voru eftirfarandi:

- Skrifborðsæfing í Vestmannaeyjum.
- Æfingar fyrir starfsfólk í Neyðarmiðstöð og bakvaktarsjálfbóðaliða.
- Rútuslysaæfing í Árnassýslu.
- Rútuslysaæfing í Eyjafirði.
- Flugslysaæfing á Keflavíkurflugvelli.
- Rútuslysaæfing í Þingeyjarsýslu.
- Flugslysaæfing á Reykjavíkurflugvelli.
- Flugslysaæfing á Þórshafnarflugvelli.



Útköll og sjúkragæsluviðburðir ársins

- | | | |
|--|---|---|
| <p>11. 01. Áfallahjálp í framhaldsskóla
 17. 01. Flugatvik á Keflavíkurlugvelli
 26. 01. Köfunarslys í Silfru
 04. 02. Ófærð á Kjalarnesi
 04. 02. Snjóflóðahætta á Patreksfirði
 04. 02. Ófærð í Vestur-Húnavatnssýslu
 04. 02. Sjúkragæsla á skólaballi
 10. 02. Slys í Reynisfjöru
 11. 02. Rútuslys
 14. 02. Húsbruni í Hafnarfirði
 25. 02. Vinnuslys í Gufunesi
 25. 02. Sjúkragæsla á skólaballi
 07. 03. Húsbruni í miðbæ Reykjavíkur
 13. 03. Húsbruni í Breiðholti
 13. 03. Snjóflóðahætta á Patreksfirði
 17. 03. Sjúkragæsla á skólaballi
 19. 03. Sjúkragæsla í Nauthólsvík
 20. 03. Hungurverkfall hælisleitanda
 02. 04. Sjúkragæsla á Ísmíllunni
 16. 04. Fjölskylda í vanda
 21. 04. Húsbruni í Hafnarfirði
 05. 05. Rútuslys í Vestur-Skaftafellsýslu
 11. 05. Sjóslys á Vestfjörðum
 15. 05. Einstaklingur í vanda
 19. 05. Rútuslys í Rangárvallasýslu
 20. 05. Vinnuslys á Akureyri
 26. 05. Hættustig á Keflavíkurlugvelli</p> | <p>07. 06. Sjúkragæsla á EM í Frakklandi
 11. 06. Sjúkragæsla á Color Run
 20. 06. Hungurverkfall hælisleitanda
 24. 06. Rútuslys í Eyjafirði
 25. 06. Alvarlegt atvik hjá gönguhópi
 25. 06. Leit að týndum einstaklingi í Eyjafirði
 26. 06. Rútuslys í Árnassýslu
 27. 06. Vinnuslys á höfuðborgarsvæðinu
 27. 06. Hælisleitandi í vanda
 30. 06. Flugatvik á Keflavíkurlugvelli
 07. 07. Aðstoð við Íslendinga erlendis
 10. 07. Fjölskylda í vanda
 15. 07. Aðstoð við Íslendinga erlendis
 21. 07. Aðstoð við Íslendinga erlendis
 25. 07. Alvarlegt atvik í ferðahópi á Húsavík
 28. 07. Hungurverkfall hælisleitanda
 01. 08. Sjúkragæsla við kvikmyndagerð
 16. 08. Húsbruni á Seltjarnarnesi
 18. 08. Sálrænn stuðningur við hóp
 18. 08. Bílslys á Vestfjörðum
 26. 08. Vinnuslys á höfuðborgarsvæðinu
 27. 08. Sjúkragæsla á bæjarhátíð í Mosfellsbæ
 30. 08. Óvissustig í Mýrdalsjökli
 02. 09. Vinnuslys á höfuðborgarsvæðinu
 03. 09. Sjúkragæsla á rúgbý-leikjum
 04. 09. Húsbruni í Reykjavík
 06. 09. Bílslys í Eyjafirði</p> | <p>07. 09. Aðstoð við hælisleitanda
 10. 09. Flugatvik á Keflavíkurlugvelli
 14. 09. Flugatvik á Keflavíkurlugvelli
 24. 09. Húsbruni í Reykjavík
 26. 09. Vopnað rán í Kópavogi
 30. 09. Jarðskjálftaórói í Kötlu
 13. 10. Aðstoð við einstaklinga
 23. 10. Aðstoð við fjölskyldu
 25. 10. Rútuslys í Árnassýslu
 31. 10. Flugatvik á Keflavíkurlugvelli
 09. 11. Vopnað rán í Ólafsvík
 10. 11. Flugatvik á Keflavíkurlugvelli
 15. 11. Hungurverkfall hælisleitanda
 15. 11. Vopnað rán á Suðurnesjum
 16. 11. Líkfundur í Reykjavík
 19. 11. Leit að einstaklingi á Fljótsdalshéraði
 23. 11. Vinnuslys á höfuðborgarsvæðinu
 27. 11. Sjúkragæsla á tendrun Oslóartrésins
 28. 11. Rútuatvik í Reykjavík
 01. 12. Húsbruni í Reykjanesbæ
 07. 12. Aðstoð við hóp á höfuðborgarsvæðinu
 16. 12. Sjúkragæsla á skólaballi
 20. 12. Húsbruni í Reykjavík
 20. 12. Rútuslys í Árnassýslu
 21. 12. Sjúkragæsla á Vetrarsólstoðugöngu
 24. 12. Húsbruni í Reykjavík
 29. 12. Rútuslys í Borgarfirði</p> |
|--|---|---|

Viðbragðsáætlanir og viðbúnaður

Viðbúnaður var aukinn til muna um allt land á árinu. Samtals var níu fjölda hjálparkerrum komið fyrir á jafnmörgum stöðum, á Akranesi, Borgarnesi, Vestmannaeyjum, Hvolsvelli, Hvammstanga, Húsavík, Egilsstöðum, Eskifirði og Ísafirði. Kerrurnar á Akranesi og Borgarnesi voru svo fluttar tímabundið til Víkur og á Klaustur þegar óvissustigi var lýst yfir í Mýrdalsjökli vegna hugsanlegs Kötlugoss. Kerrurnar hafa þegar verið notaðar í allmörgum aðgerðum og æfingum.

Rauði krossinn kom að gerð rýmingaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Vinnan var enn í gangi í árslok en

áætlunin verður væntanlega gefin út árið 2017. Þá vann Neyðarmiðstöð séráætlun sem hægt væri að virkja ef fjöldi hælisleitanda yrði með þeim hætti að búsetuúrræði stjórnvalda myndu ekki duga til. Ekki kom til virkunar áætlunarinnar á árinu 2016.

Forvarnaverkefnið 3 dagar

Forvarnaverkefnið 3 dagar miðar að því að efla viðnámsþrótt Íslendinga gagnvart rofi innviða. Með því er átt við að hvert heimili sé undirbúið fyrir rafmagnsleysi, netsambandsleysi, vatnsleysi, rof í hitaveitu o.s.frv., m.a. vegna náttúruhamfara, með því að vinna heimilisáætlun og útbúa viðlagakassa. Með heitinu 3 dagar vill Rauði

krossinn undirstrika mikilvægi þess að einstaklingar og fjölskyldur geti verið sjálfum sér næg í 3 daga.

Rauði krossinn stendur fyrir fræðslu fyrir grunnskólanema í 5. – 7. bekk. Á árinu voru grunnskólar á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi heimsóttir. Aðrir sem hafa fengið fræðslu um verkefnið eru starfsfólk Rauða krossins, stjórnir deilda, fræðslufulltrúar í sveitarfélögum, starfsfólk hinna ýmsu stofnana sem starfa við erfiðar aðstæður á landsbyggðinni, háskólanemar og fleiri.

Í heildina náði verkefnið til 8.161 einstaklinga á árinu 2016. Markmiðið er að heimsækja alla grunnskóla landsins en áhersla var lögð á að ná sérstaklega til landsbyggðarinnar þar sem rof á innviðum eru mun algengari en í þéttbýli. Með hefðbundnum auglýsingum á samfélagsmiðlum ásamt fjölmiðlaumfjöllun hefur verkefnið fengið athygli tugþúsunda á landinu öllu.

Verkefnið er til þriggja ára og er kostað af Land Rover í Bretlandi með milligöngu breska Rauða krossins og í samstarfi við BL, umboðsaðila Land Rover á Íslandi. Þá veita Heimili og skóli og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra faglega aðstoð.

Sálfélaglegur stuðningur

Rauði krossinn er leiðandi í sálfélaglegum stuðningi á Íslandi. Langflest útköll neyðarmiðstöðvar tengdust sálfélaglegum stuðningi og lögð er áhersla á að styðja við samráðshópa áfallahjálpar og áfallateymi um allt land. Fjölsóttur fræðsludagur var haldinn fyrir alla samráðshópa áfallahjálpar á landinu á vormánuðum. Lokið var við þjálfun alþjóðlegs viðbragðsteymis í sálfélaglegum stuðningi á árinu en hópurinn er nú hluti af Veraldarvakt Rauða krossins.



Hjálparsími Rauða krossins 1717

Hjálparsími Rauða krossins 1717 gegnir því hlutverki að veita virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda.

Þegar neyðarástand skapast innanlands gegnir 1717 einnig hlutverki upplýsingasíma. Hægt er að leita til Hjálparsímans í gegnum símanúmerið 1717 og í gegnum netspjall 1717 (1717.is) allan sólarhringinn, í trúnaði og nafnleynd og er þjónustan gjaldfrjáls. Alls störfuðu um 90 sjálfboðaliðar við verkefnið árið 2016.

Sýnileiki og auglýsingar

Hjálparsíminn heldur að jafnaði tvær átaksvikur á hverju ári auk reglulegra birtinga á ýmsum miðlum. Fyrri átaksvikan hófst í maí með endurunnu efni ársins 2015 í samstarfi við auglýsingastofuna Hvíta húsið og beindist að börnum og unglimum. Átaksvikan gekk vel og jókst umferð til Hjálparsímans um 25% miðað við sama tímabil árið áður. Síðari átaksvika ársins 2016 bar sama heiti og árið áður; Útmeð'a þar sem sjónum var beint að ungum konum og sjálfsskaða. Nýtt forvarnarmyndband var frumsýnt þar sem sögð er saga ungrar stúlku með sjálfsskaðahegðun. Hönnuð var ný heimasíða af vefsíðufyrirtækinu Kosmos&Kaos. Hjálparsíminn og Útmeð'a, samstarfsverkefni Hjálparsímans og Geðhjálp, hafa tekið á móti fjölda styrkja á árinu.



Hjálparsími Rauða krossins 1717 gegnir því hlutverki að veita virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda, t.d. sökum geðraskana, samskiptaörðugleika eða sjálfsvígshugsana.

Símtöl og spjöll

Símtöl og spjöll til Hjálparsímans drógust saman um 6% milli ára frá 2015 og 2016 eða úr 15.630 niður í 14.631. Ástæða þess er óljós en leiða má líkur að hún sé tvíþætt. Annars vegar að báðar átaksvikur ársins 2016 voru byggðar á eldra efni og því endurnýttar frá árinu áður sem vekur að jafnaði minni athygli og hinsvegar vegna símavina verkefnisins þar sem einstaklingar sem búa við félagslega einangrun gefst tækifæri til að eignast svokallaðan símavin sem spjallar við viðkomandi reglulega en áður hringdu einstaklingar í Hjálparsímann sem nú eiga símavin. Þá var aukning á notkun á netspjallinu á 1717.is um rúmlega 20% eða frá 2011 samtölum árið 2015 í 2529 árið 2016. 8% aukning var á sjálfsvígssímtölum og spjölum milli ára eða frá 497 símtölum 2015 í 538 árið 2016. Sú fjölgun þarf ekki að þýða að fleiri séu í sjálfsvígshugleiðingum heldur að fleiri þekki og leiti til Hjálparsímans.



Karen Sæberg bjargaði lífi móður sinnar og var kjörin Skyndihjálparmaður ársins 2015

Skyndihjálparmaður ársins

Rauði krossinn er leiðandi í skyndihjálparkennslu en útbreiðsla skyndihjálpar hefur verið eitt af meginverkefnum Rauða krossins á Íslandi í um 80 ár.



Námskeið í skyndihjálparmaður ársins

Rauði krossinn bauð upp á bæði lengri og styttri námskeið í skyndihjálparmaður fyrir einstaklinga og fyrirtæki um allt land. Haldin voru um 446 skyndihjálparnámskeið árið 2016 þar af voru 247 af þeim 4 klukkustundir. Alls héldu 31 deild félagsins skyndihjálparnámskeið á árinu. Heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðum félagsins var ríflega 7.000 manns.

Nýir leiðbeinendur í skyndihjálparmaður ársins

Rauði krossinn stóð fyrir vikulöngu leiðbeinendanámskeiði í skyndihjálparmaður á vormánuðum og útskrifaði 29 leiðbeinendur víðsvegar að af landinu sem verða án efa öflugir í að breiða út skyndihjálparþekkingu um allt land.

Skyndihjálparmaður ársins

Hin 7 ára gamla Karen Sæberg Guðmundsdóttir varð fyrir valinu Skyndihjálparmaður ársins 2015. Hún hlaut viðurkenninguna við hátíðlega athöfn á 112 deginum sem haldin var í húsi Neyðarlínunnar í Skógarhlíð.

Karen Sæberg bjargaði lífi móður sinnar, Margrétar Sæberg Þórðardóttur, sumarið 2015 þegar Margrét, sem er flogaveik, fékk flog í heitum potti. Karen var snögg til og lyfti höfðinu á móður sinni upp úr vatninu, sendi 5 ára vin sinn sem var með þeim til að sækja föður sinn, eiginmann Margrétar, og hélt henni á floti þar til hann gat tekið við.

Það er svo gaman að segja frá því að samkvæmt Margréti er Karen dugleg að horfa á Hjálparfús þættina sem sýndir voru í Stundinni okkar fyrir nokkrum árum í samvinnu Rauða krossins og Rúv.

Eftirtaldir aðilar hlutu einnig sérstaka viðurkenningu frá Rauða krossinum á Íslandi fyrir að hafa á árinu 2015 sýnt eftirtektarverða færni í skyndihjálparmaður við erfiðar aðstæður; Hafþór Höskuldsson frá Akranesi, Hannes Kristjánsson frá Hveragerði, Ríkharður Sigmundsson og Rósa Gunnsteinsdóttir frá Reykjavík, Najdan Llievski og Nikola Tisma frá Reykjanesbæ.

112-dagurinn

112-dagurinn var haldinn um allt land þann 11. febrúar. Dagurinn er samstarfsverkefni stofnana og félagsamtaka sem annast neyðarþjónustu. Áhersla var að þessu sinni lögð á almannavarnir en í því felst að samfélagið allt sé undirbúið og geti brugðist við náttúruhamförum, sérstaklega jarðskjálftum og óveðri.



Samskiptasvið

Samskiptasvið sér um fjáraflanir, kynningar- og markaðsmál fyrir Rauða krossinn. Markmið sviðsins er að auka sýnileika Rauða krossins og efla fjáraflanir til að styðja við og styrkja starfið. Sviðið vinnur þvert á öll svið landsskrifstofunnar og aðstoðar deildir í kynningarmálum og fjáröflunum. Einnig sér samskiptasvið um móttöku og mötuneyti landsskrifstofunnar í Efstaleiti 9 og hefur umsjón með húsinu og bifreiðum landsskrifstofunnar.

Mannvinir Rauða krossins

Sem Mannvinur Rauða krossins á Íslandi tekur þú virkan þátt í hjálpar- og mannúðarstarfi og gefur árlega þúsundum barna og fullorðinna von um betra líf.

GERAST MANNVINUR

Nýr vefur Rauða krossins

Kynningar- og markaðsmál

Árið 2016 var viðburðaríkt og margt í gangi allt árið um kring. Eins og síðastliðin tvö ár var lögð áhersla á að efla sýnileika og vitund um Hjálparmann 1717, Mannvini Rauða krossins, átaksverkefnið Vertu næs og Útmeð'a sem er samstarfsverkefni Hjálparsíma Rauða krossins og Geðhjálpur.

Nýr vefur Rauða krossins

Í byrjun mars leit nýr vefur Rauða krossins ljós. Hann hefur nú verið einfaldaður og áhersla lögð á verkefni Rauða krossins, fjáraflanir og öflun sjálfbæðaliða til starfa. Nýja heimasíðan er mun aðgengilegri og einfaldari en sú fyrri. Við hönnun að nýjum vef var horft til norrænu landsfélaganna sem hafa nýlega endurhannað sína vefi. Hugsmiðjan hönnunarhús vann að endurhönnun síðunnar í nánu samstarfi við Rauða krossinn.

Kynningarátök

112 dagurinn var haldinn hátíðlegur að vanda þann 11. febrúar. Rauði krossinn tekur virkan þátt í undirbúningi og umfjöllun á deginum til kynningar á Neyðarlínunni, viðbragsaðilum, viðbrögðum við náttúruhamförum og mikilvægi skyndihjálpar. Skyndihjálparmaður ársins er ávallt tilnefndur á þessum merkisdegi.

Mannvinir, mánaðarlegir styrktaraðilar Rauða krossins, voru kynntir fyrir landsmönnum annað árið í röð með tveimur kynningarátökum í apríl og október. Átökin hafa skilað ágætis árangri en samkvæmt könnun Miðlunar hefur vitund almennings um Mannvini aukist úr 2% í 20% frá árinu 2014 til 2016.

Hjálparsíma Rauða krossins 1717 var gerð góð skil í átaksviku í apríl og aftur í nóvember.



**FATA SÖFNUNARÁTAK
RAUÐA KRÖSSINS
OG EIMSKIPS**

SÖFNUNARSTÖÐVAR

- Afgreiðslustöðvar Eimskips Flytjanda
- Endurvandlustöðvar Sorpu
- Fatasöfnunargímar Rauða krossins

**GERÐU GAGN
MÉÐ GÖMLUM FÖTUM**

Komdu inni gömlu fötum þínum, sekkja, manskálini, sumföt, gugggrjóti og aðrir vefnaðarvörur, sí þú ert söfnunastöðvar Rauða krossins. Áttu fataskala, hvort sem hann er stíllinn eða halli, eitt lit okkur í hjálparstarfið þitt sem erandi.

EIMSKIP

hagstofnun.is | 188 Reykjavík | 0287000 | eimskip

Fatasöfnun að vorlagi var haldin síðustu vikuna í maí í góðu samstarfi við Eimskip og Sorpu að vanda. Merktir fatapokar voru sendir inn á hvert heimili á landinu og fjallað var um fatasöfnunina í fjölmiðlum landsins.

Í september var átaki innan Útmeð'a verkefnisins ýtt úr vör þar sem áhersla var lögð á alvarleika sjálfsskaða ungra stúlkna.

Í byrjun september tók Rauði krossinn þátt í sýningunni „Saman gegn sóun“ í boði Umhverfisstofnunar. Þar var fataverkefni Rauða krossins kynnt. Sýningin vakti mikla athygli þar sem áhersla var lögð á sjálfbærni og náttúruvernd.



Frá aðalfundinum í maí

Fræðsla og viðburðir

Fræðslufundir

Opnir fræðslufundir voru haldnir með reglulegu millibili í húsi Rauða krossins. Leitast er við að hafa umfjöllunarefni sem fjölbreyttust og hafa t.d. margir sendifulltrúar Rauða krossins verið duglegir við að kynna fjölbreytt verkefni. Öllum viðburðunum eru gerð góð skil á samfélagsmiðlum Rauða krossins. Árið 2016 voru sex opnir fræðslufundir haldnir:

- Fjölmennig eða fordómur?
- Perla í eyrdinni - endurhæfing í Afganistan
- Frú Ragnheiður - skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins í Reykjavík
- Samvinna í Írak
- Björgunaraðgerðir á Miðjarðarhafi
- Ég vildi eiga þau fyrir nágranna - sálfélagslegur stuðningur við flóttafólk í Grikklandi

Aðalfundur Rauða krossins

Aðalfundur Rauða krossins var haldinn laugardaginn 21. maí á Foss Hótel í Reykjavík. Um 150 manns sóttu fundinn þar af um 135 sjálfboðaliðar. Auk almennra aðalfundastarfa var Helga G. Halldórsdóttir fjáröflunarfulltrúi með erindi um erfðagjafaverkefni Rauða krossins og sýndi þrjú kynningarmyndbönd sem útbúin hafa verið. Að fundi loknum fengu allar deildir nýjan söfnunarbauk. Nýju söfnunarbaukarnir eru hannaðir af Guðrúnu Harðardóttur vöruhönnuði en hún hannaði bæði stóra bauka sem ætlaðir eru á fjölfarnari staði sem og minni bauka sem staðið geta frammi í verslunum. Boðið var til hátíðarkvöldverðar í lok dags.

Color Run og „Vertu næs“

Color Run hlaupið var haldið í annað sinn á Íslandi þann 11. júní í boði Alvogen. Hlaupið er fimm kílómetra langt, en hlaupið er í gegnum litastöðvar á kílómetra fresti og upplifun og skemmtun þátttakenda er í fyrirrúmi. Einkennisorð hlaupsins eru heilsa, hamingja og tjáningarfrelsi einstaklingsins.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins voru á staðnum og kynntu Vertu næs verkefnið og buðu hlaupurum húðflúr með merki Vertu næs, veittu fyrstu hjálp og unnu við



hlaupið. Samfélagssjóður The Color Run og Alvogen veittu Rauða krossinum og Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra 3 milljóna króna styrk hvoru félagi vegna verkefna sem tengjast réttindum og velferð barna á Íslandi. Vertu næs verkefnið gegn fordómum í íslensku samfélagi hlaut styrkinn fyrir hönd Rauða krossins og áfram verður unnið að vitundarvakningu um fjölmenningsamfélag á Íslandi sem tekur á fordómum gagnvart uppruna fólks, kynþætti og litarhafti.

Hjálpin

Fréttablað Rauða krossins, Hjálpin, kom út í lok september. Þetta var í annað sinn sem blaðið var gefið út í samvinnu við Fréttablaðið. Að þessu sinni var áhersla lögð á sjálfboðið starf á Suður- og Vesturlandi og Vestfjörðum og fjallað um ýmis verkefni sem hafa verið hvað helst í deiglunni á liðnu ári. Þar má nefna flóttafólk, skyndihjálp, neyðarvarnir, mögulegt Kötflugos, fatabúðir Rauða krossins, neyðarsöfnun vegna björgunar flóttafólks við strendur Ítalíu og margt fleira. Auka eintök voru send á deildir sem þess óskuðu. Hjálpin er að finna í rafrænu formi inni á heimasíðu Rauða krossins.

Rauðakrossvikan

Rauðakrossvikan var haldin í lok septembermánaðar. Þetta árið var ákveðið að horfa inn á við á starfsemi félagsins, starfsfólk og sjálfboðaliða og taka fyrir hugsjónir Rauða krossins og hvernig starfsmenn og sjálfboðaliðar félagsins vinna eftir þeim í starfi sínu. Framleitt var kynningarmyndband fyrir sjálfboðaliða þar sem farið er yfir upphaf Rauða krossins og áhersla lögð á hugsjónirnar og þær samtvinnaðar sjálfboðaliðastarfinu. Einnig var framleitt almennt kynningarmyndband um Rauða krossinn.



Frá málþinginu

Málþing

Málþing Rauða krossins, Mannauður innflytjenda, var haldið 29. nóvember. Fjallað var um hvaða tækifæri innflytjendur hafa til náms og starfa og hvernig fjölbreyttur og dýrmætur mannauður innflytjenda nýtist í samfélaginu. Málþingið gekk vel og var vel sótt og ánægjulegt að sjá hversu margir fagaðilar sem starfa að málefnum innflytjenda mættu og tóku virkan þátt í vinnustofum.



Fatabúðir Rauða krossins eru reglulega glæsilegar

Endurhönnun fatabúða Rauða krossins

Frá lok árs 2015 til loka ársins 2016 var unnið að endurhönnun á búðum Rauða krossins. Auglýsingastofan Hvíta húsið hannaði nýtt útlit búðanna með vistvæn sjónarmið að leiðarljósi. Þrjár af fimm búðum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu, á Skólavörðustíg, Hlemm og í Mjódd voru endurhannaðar á árinu og enduroppnaðar með viðeigandi opnunarteitum og kynningum.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins

Hlín Baldvinsdóttir, einn reyndasti sendifulltrúi Rauða krossins til fjölda ára var ein af þremur sem fengu viðurkenningu í flokki hvunnudagshetja hjá Fréttablaðinu. Hlín er rekstrarfræðingur og starfaði m.a. áður í hótélrekstri, en þegar hún varð fimmtug ákvað hún að

söðla um og síðan þá hefur hún m.a. starfað í Írak og á Haítí, eftir jarðskjálftann mikla þar, en lengstum tíma hefur hún verið í Afríku þar sem hún starfaði sem fjármálastjóri og fylgdi m.a. eftir umfangsmiklu malaríu-verkefni bæði í Vestur- og Suður-Afríku.



Viðurkenningarhafar samfélagsverðlauna Fréttablaðsins

Frú Ragnheiður, skaðaminnkandi verkefni, heilsugæsla á hjólum var eitt af þremur verkefnum sem fengu viðurkenningu sem öflugt samfélagsverkefni hjá Fréttablaðinu. Afhending samfélagsverðlaunanna fór fram við hátíðlega athöfn á Hótel Natura að viðstöddum þeim sem fengu viðurkenningar, aðstandendum og Ólafi Ragnari Grímssyni þáverandi forseta.

Alþjóðlegt samstarf

EPSC fundur var haldinn í Reykjavík í lok maí á Foss Hótel í Reykjavík. Á þessum fundi hittast aðilar sem stýra markaðs- og kynningarmálum og fjáröflunum frá hátt í 30 landsfélögum í Evrópu. Meðal þátttakanda eru einnig aðilar frá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Alþjóðaráði Rauða krossins. Fundurinn gekk vel í alla staði og þátttakendur voru mjög sáttir. Það var mikil spenna fyrir því að koma hingað til lands og margir framlengdu ferð sína til að skoða landið.

Fjölmiðlar

Fjölmiðlaumfjöllun

Rauði krossinn var mikið í fjölmiðlum árið 2016 eins og fyrri ár. Umfjöllun er almennt jákvæð, leitað er til starfsmanna vegna ýmissa mála og sérfræðipækkingar. Fjölmiðlaumfjöllun árið 2016 samanborið við árið þar áður var örflítið minni, en það á sér eðlilegar skýringar þar sem árið 2015 varð afar mikil umræða um komu flóttamanna til Íslands sem er fordæmalaus. Árið 2016 hélt umfjöllun um flóttamenn og hælisleitendur áfram og var gerð góð skil af fjölmiðlum.

Af netmiðlum fjölluðu mbl.is og visir.is mest um Rauða krossinn, 55% af allri umfjöllun um Rauða krossinn fór fram þar (28% mbl.is og 27% visir.is) en fast á hæla kom ruv.is með 19% af allri heildarumfjöllun netmiðla um Rauða krossinn. Fréttablaðið og Morgunblaðið voru einnig mest áberandi í umfjöllun prentmiðla með 75% af allri umfjöllun um Rauða krossinn í prentmiðlum.



Börn úr Vogaskóla söfnuðu fötum sem þau voru hætt að nota og afhentu Rauða krossinum

Á ljósvakamiðlum var umfjöllun mest hjá RÚV, 36% af allri umfjöllun var á RÚV í sjónvarpinu, Rás 1 og Rás 2 áttu 23% af allri umfjöllun um Rauða krossinn en Stöð 2 um 22% og Bylgjan 19% af allri umfjöllun um Rauða krossinn.

Þegar heildarlisti yfir algengustu fyrirtækin og félögin sem fjallað var um árið 2016 sést að Rauði krossinn er í 49. sæti. Til viðmiðunar er Knattspyrnusamband Ísland, sem var með heilt karlalandslið á EM í knattspyrnu, í 47. sæti.

Þegar samanburður við önnur félög í sama geira er skoðaður sést að Rauði krossinn er með langmesta umfjöllun, eða 1174 fréttir á meðan Landvernd sem vermir annað sætið er með 454 fréttir.

Þegar samanburður við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu er skoðaður þá er Rauði krossinn enn efstur, með 1.220 fréttir en Landsbjörg með 1.024.

Samfélagsmiðlar

Í byrjun árs 2016 voru tæplega 19.000 fylgjendur Rauða krossins á Facebook. Í lok árs 2016 voru þeir rúmlega 22.000. Þegar aukningin er skoðuð þá jukust fylgjendur jafnt og þétt yfir árið, nokkur aukning varð um miðjan apríl og síðan frá miðjum nóvember og til ársloka.

Í lok árs var svörun á skilaboðum um 100%, og aðeins um 20 mínútna svartími.

Rauði krossinn hélt áfram að vera nokkuð virkur á Twitter, en þar er markhópurinn örlítið annar en á t.d. Facebook og auðvelt að senda út einföld skilaboð. Stefnt er að því að byggja upp stærri fylgjendahóp þar en hann er heldur yngri en t.d. á Facebook.

Fjárafilanir

Almennt um fjárafilanir

Undanfarin ár hefur rík áhersla verið lögð á að fjölga fjáröflunarleiðum innan Rauða krossins og að auka fjölbreytni í þeim efnum. Deildir eru hvattar til að afla fjár á sínu starfssvæði til að halda úti öflugum og aðkallandi verkefnum. Verklagsreglur í fjáröflun eru á vef félagsins þar sem meðal annars er greint frá verkaskiptingu deilda og landsskrifstofu.

Tekjur af Íslandsspilum og fjármagnstekjur af eignum félagsins eru áfram mikilvægir tekjustofnar en aðrir þættir spila nú stærra hlutverk og meirihluti tekna koma annars staðar frá. Sérstakur samningur hefur verið í mörg ár við ríkið um rekstur sjúkrabíla. Samningar eru um móttöku flóttamanna og hælisleitenda, sem er vaxandi þáttur í starfseminni. Stuðningur er við alþjóðleg verkefni Rauða krossins og einstaka styrkir komu einnig frá ríkinu til félagslegrar aðstoðar innanlands.

Fataverkefni Rauða krossins er mikilvæg fjáröflunarleið til hjálparstarfsins sem allar deildir Rauða krossins koma að. Fatasöfnun, flokkun og úthlutun hefur eflst með hverju ári og margir sjálfboðaliðar koma að verkefninu um allt land. Rauðakrossbúðir eru 11 talins og eru staðsettar víða um landið.

Mannvinahópurinn stækkaði á árinu og voru Mannvinir Rauða krossins sem greiddu mánaðarlega til félagsins í lok árs 13% fleiri en árið á undan. Óhjákvæmilega er töluverð hreyfing á þátttakendum, nýir koma og eldri hætta, en flestir eru dyggir stuðningsaðilar til fjölda ára. Unnið var að styrkjaöflun og samningum við ýmsa aðila; einstaklinga, fyrirtæki og opinbera aðila.

Almenningur getur styrkt starfið beint með því að hringja í 904-1500 (framlag: 1.500 kr.), 904-2500 (framlag 2.500 kr.) eða 904-5500 (framlag 5.500 kr.). Einnig er hægt að leggja fé inn á reikning Rauða krossins 0342-26-12, kt. 530269-2649 eða greiða með kreditkorti.

Á árinu var settur upp valmöguleiki til rafrænnar fjáröflunar á heimasíðu Rauða krossins. Þetta er nýjung sem býður upp á nýja vídd í fjáröflun og hefur reynst vel hjá landsfélögum Rauða krossins á Norðurlöndunum. Einstaklingur eða fyrirtæki býr til sína eigin fjáröflun en í boði eru 3-4 safnanir sem Rauði krossinn setur upp. Síðan getur stofnandi söfnunarinnar deilt sinni söfnun á samfélagsmiðlum með vinum og ættingjum til að ná markmiði sínu í öflun fjár til verkefna Rauða krossins.

Safnanir voru í gangi meðal almennings allt árið og áhersla á að hjálpa fólki á flótta undan stríði og ófriði, einkum Sýrlendingum.



Mannvinir

Mannvinir eru þeir sem styðja með mánaðarlegum framlögum mannúðar- og hjálparstarfs Rauða krossins bæði innanlands og utan. Verkefni sem þeir studdu árið 2016 voru langtíma verkefni í Sierra Leóne, Malaví, Sómalíu, Palestínu og Hvíta Rússlandi eins og undanfarin ár en einnig verkefni sem bregðast við hinu alvarlega ástandi sem hefur ríkt meðal flóttafólks frá Sýrlandi. Innanlands var megináherslan á Neyðarmiðstöð Rauða krossins en hún sér um samræmingu á neyðarviðbrögðum, skyndihjálpi, sálrænum stuðningi, áfallahjálpi og starfsemi Hjálparsímans 1717 auk netspjallsins sem einkum er ætlað börnum og ungmennum í vanda.

Mannvinum fjölgaði á árinu og af framlögum þeirra runnu 102 milljónir til hjálparstarfs. Samstarf var við Miðlun um úthringingar og hópur frá fyrirtækinu var að störfum megnið af árinu. Hópur ungs fólks vann að kynningu og söfnun Mannvina að sumarlagi á fjölförnum stöðum einkum á höfuðborgarsvæðinu, en heimsótti einnig Reykjanes, Selfoss, Hveragerði, Akranes og Siglufjörð. Um veturinn unnu einnig nokkrir einstaklingar að því að kynna Mannvinaverkefnið einn dag í viku í Kringlunni og Smáralind.

Fimm fréttabréf *Þú veitir von* voru send til Mannvina í því skyni að upplýsa um helstu verkefni sem þeir styðja hverju sinni og þakka þeim ómetanlegan stuðning við hjálparstarf Rauða krossins.



Starfsmenn í fataflokkun að störfum

Fataverkefni

Fatasöfnun er vaxandi fjáröflunarleið hjá Rauða krossinum og áhersla á að nýta fatnaðinn sem best og gera sem mest verðmæti úr honum bæði innanlands og til útflutnings. Notað er hvert tækifæri til að vekja athygli á mikilvægi verkefnisins og því að allir geti lagt sitt af mörkum. Tekjur af fataverkefninu fara til hjálparstarfa innanlands og utan.

Fatasöfnun Rauða krossins gekk vel á árinu og magn fatnaðar jókst um 500 tonn á milli ára og heildarmagn útflutnings á árinu var um 2700 tonn. Sendir voru tveir gámar til Hvíta Rússlands, um 20 tonn af hlýjum fatnaði ásamt 14 sjúkrarúmum. Samtals voru 179 gámar fluttir til Pýskalands, Hollands, Póllands og Lettlands. Gengisþróunin var útflutningi ekki hagstæð og urðu tekjur fatasöfnunar af útflutningi heldur minni en áður þó tekjurnar í evrum hafi aldrei verið meiri eða 827.324 evrur.

Sjálfbóðaliðar taka virkan þátt í störfum fatasöfnunar og eru ómetanlegir starfseminni. Skráðar vinnustundir sjálfbóðaliða í flokkunarstöð voru rúmlega 5000 klukku-



Lifandi gínur prýddu gluggana í opunarhófi Rauða kross verslunarinnar í Mjóddinni

stundir á árinu. Hópur sjálfbóðaliða kemur víða að og má þar til dæmis nefna hælisleitendur, samfélagsþjóna og dvalargesti Verndar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru reknar 5 verslanir Rauða krossins. Reksturinn er í höndum Kópavogsdeildar fyrir hönd deildanna á höfuðborgarsvæðinu. Þá er myndarleg verslun á Akureyri, í Keflavík og á Egilsstöðum auk þess sem verslanir eru á Stöðvarfirði, Eskifirði og í Borgarnesi en verslanirnar eru samtals 11 talsins. Nokkrar deildir til viðbótar halda síðan reglulega markaði. Alls fengu verslanir og deildir út um land 65 tonn af fatnaði frá fatasöfnun.

Fjölmörg fyrirtæki styrkja fataverkefni Rauða krossins með afskrifuðum fatnaði, einkennisfatnaði, gölluðum vörum og teppum svo eitthvað sé nefnt. Þar á meðal má nefna Hagkaup, Lindex, Zöru, Icewear, Vífilfell, Vínbúðina, þvottahús spítalanna og Lín Design.

Úthlutun til þeirra sem verst standa hefur aukist með tilkomu korta sem nýtast viðkomandi í búðum Rauða krossins. Þessi aðferð hugnast fólki sem þarf á hjálp að halda mun betur en fyrri aðferðir. Fatnaði að verðmæti 29,4 milljónir var úthlutað til skjólstæðinga á árinu 2016. Útflutningur á notuðum fatnaði jókst um 23%.

Fatasöfnun að vorlagi er árlegur viðburður sem ætlað er að hvetja landsmenn til að taka til í skápum sínum og gefa Rauða krossinum til hjálparstarfs. Þokum undir fót er dreift en þeir eru framleiddir af samstarfsaðila í Þýskalandi og skreyttir lögum samstarfsaðila þ.e. Póstsins, Sorpu og Eimskips auk texta um fatnaðinn. Pósturinn sá um dreifingu á þokunum endurgjaldslaust á hvert heimili í landinu viku fyrir söfnunarvikuna sem stóð 22. - 29. maí. Árangur átaksins skilaði sér í mikilli aukningu á fatamagni næstu þrjá mánuðina. Í ágúst söfnuðust til dæmis um 280 tonn.

Erfðagjafir

Erfðagjafir sem fjáröflunarleið hefur verið til ítarlegrar skoðunar síðastliðin tvö ár. Undirritaður var samningur við fyrirtækið Clever Data árið 2015 um kortlagningu á líkna- og erfðagjöfum á Íslandi og einnig um viðhorfskönnun meðal Mannvina, sjálfbóðaliða og þeirra sem sótt hafa fræðslufundi hjá Rauða krossinum. Skýrslur liggja fyrir um helstu niðurstöður þar sem margt forvitnilegt kom í ljós og hefur nýst við vinnslu verkefnisins.

Unnið var áfram að upplýsingaöflun og kynningaráætlun árið 2016 og framleiddar voru þrjár stuttmyndir um erfðaskrárgerð og erfðagjafir, undir umsjón Þórunnar Lárusdóttur. Samráð var haft við auglýsingastofuna

Hvíta húsið og almannatengslafyrirtækið Aton um fyrirhugaðar kynningarátlanir. Rýnihópa vinna fór fram hjá Gallup í því skyni að heyra viðhorf almennings til erfðaskrárgerða og kynningu á erfðagjöfum sem fjáröflunarleið. Niðurstaðan var að lítil vitneskja virðist meðal almennings á erfðaskrá og auknu mikilvægi þeirra ekki síst hjá fólki með flókið fjölskyldumynstur. Möguleikarnir eru ekki öllum ljósir um hverju fólk getur ráðstafað og einnig þeim möguleika að hafa áhrif á góðgerðarverkefni sem þeim eru hugleikin með því að tilgreina það í erfðaskrá. Á vordögum var samningur undirritaður við Lögmannstofuna Logos um samstarf varðandi erfðafjármál og erfðaskrárgerð.

Starfsfólk samskiptasviðs flutti erindi um þá vinnu sem unnin hefur verið varðandi erfðagjafir á fundi í október sem Miðlun stóð fyrir. Til fundarins mættu fulltrúar helstu góðgerðasamtaka á landinu. Fjallað var um ýmsar hliðar verkefnisins hér á landi sem og erlendis og sérstakt erindi var um lagalegar hliðar erfðamála.



Bæklingur um erfðagjafir

Í lok árs vann Rauði krossinn að gerð bæklings sem ber yfirskriftina Eftir þinn dag, erfðagjafir sem stuðningur við góðgerðarmál. Bæklingurinn er gefinn út af Almannaheillum, samtökum þriðja geirans og Samstarfshópi íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu. Auk fulltrúa Rauða krossins voru fulltrúar frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Krabbameinsfélaginu og Barnaheillum sem unnu að gerð bæklingsins.

Þess má geta að komið er inn í íslensk lög að ekki þarf að greiða erfðafjárskaft af gjöfum sem gefnar eru til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa að almannaheillum.

Á árinu bárust til Rauða krossins erfðagjafir að upphæð tæpar 30 milljónir króna.



Jólahefti Rauða krossins 2016

Jólahefti

Jólaheftin eru fjáröflun fyrir verkefni innanlands. Kynnt eru hin margvíslegu mannúðarstörf sem unnin eru um allt land í þágu þeirra sem eru berskjaldaðir í íslensku samfélagi.

Umfang heftisins var sama og síðustu þrjú árin með upplýsingum um innanlandsstarfið, merkimiðum á jólapakka og límmiðum. Jólaheftin voru send inn á hvert heimili í landinu 112.000 talsins og dreift af Póstinum 7.- 9. nóvember.

Vera Hilmarsdóttir hannaði jólakort Rauða krossins í ár. Hún stundar myndlistarnám við Listaháskóla Íslands auk þess að vinna sem fyrirsæta. Salan á jólaheftinu gekk vel og nettó afrakstur var um 11 milljónir króna.



Sunneva Rut, Guðlaug María og Sigríður Vala héldu tombólu á Akranesi og söfnuðu 2.498 krónum til styrktar Rauða krossinum

Tombólubörn, minningarkort og smásala

Sala á varningi er meðal annars þjónusta við deildir, sem og almenning. Um er að ræða varning fyrir tombólubörn, skyndihjálpartöskur, skyndihjálparbæklinga og veggspjöld. Sala minningarkorta skilaði alls tæpum 500 þúsund krónum til innanlandsverkefna og framlag tombólubarna var 750 þúsund krónur sem fór í stuðning við munaðarlaus börn í Sómalíu.



Átakið Veiðiflugur

Safnanir fyrir neyðaraðstoð

Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt hjálparstarf í Sýrlandi allt frá því að átök brutust út árið 2011. Seinni hluta árs 2015 var flóttamannastraumurinn gífurlegur frá Sýrlandi til nágrennalanda þess og einnig var straumur fólks innan svæða til Evrópu meiri en nokkru sinni fyrr. Umræðan var mikil í samfélaginu og fólk vildi aðhafast eitthvað og leggja sitt að mörkum.

Rauði krossinn ákvað að hefja söfnun fyrir flóttafólk í Sýrlandi og nágrennalöndum sem hófst í september 2015 og hélt áfram árið 2016.

Safnað var fyrir aðstoð sem unnin var í gegnum Alþjóða Rauða krossinn í Sýrlandi. Söfnunin gaf af sér tæpar 27 milljónir með myndarlegu framlagi frá ríkisstjórninni.

Til aðstoðar flóttafólki í borginni Aleppo komu framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum að upphæð rúmlega 1 milljón króna.

Flóttamenn á Grikklandi voru einnig aðstoðaðir með framlagi frá ríkisstjórninni sem nam um 24,5 milljónir. Neyðarkall kom frá ítalska Rauða krossinum í ágústmánuði um aðstoð við flóttafólk í sjávarháská á Miðjarðarhafi og söfnun hófst í framhaldi af því fyrir björgunaraðgerðum og söfnuðust rúmlega 23,5 milljónir með 20 milljón króna framlagi ríkissjóðs.

Í tengslum við verkefnið á Miðjarðarhafinu var unnið með Nova að undirbúningi uppboðs á veiðiflugum sem gerðar voru úr hári þekktara persóna í íslensku samfélagi og var sú samvinna mjög ánægjuleg. Fjögur fyrirtæki tóku þátt en auk Nova voru það Alvogen, Íslandsspil og Borgun. Um 600.000 kr. söfnuðust.

Myndband sem hjómsveitin Of Monsters and Men framleiddi við lag sitt We Sink var frumflutt í nóvember

og samhlíða því var safnað fyrir neyðaraðstoð fyrir flóttafólk. Samtals söfnuðust um 260.000 kr.

Tómstundasjóður

Tómstundasjóður fyrir börn flóttafólks sem búsett eru á Íslandi var stofnaður í árslok 2015 til að hjálpa þeim að aðlagast íslensku samfélagi og taka þátt í því sem hugur þeirra stendur til og ekki er greitt af öðrum, t.d. sveitarfélögum eða ríki. Til greina kemur ýmislegt sem tengist tómstundum svo sem námskeið, tónlistarnám og búnaður til íþróttaiðkunar. Val á einstaklingum sem njóta styrkja er í samráði við deild á heimasvæði viðkomandi, en skilyrði og umsóknareyðublöð eru aðgengileg á vef Rauða krossins.

Aflað hefur verið fjár í Tómstundasjóðinn með margvíslegum hætti; úthringingum til almennings og styrkumsóknum til fyrirtækja en starfsfólk Odda studdi verkefnið auk stuðnings frá samtökum og nemendum í skólum, sem dæmi Hagaskóla og Flataskóla.

Einstaklingar hafa einnig lagt verkefninu lið við ýmis tilefni. Benedikt Benediktsson var einn af þeim en hann gaf út myndabókina Smile with me sem fjallar um ferðalag hans um heiminn, þar sem hann tók í hönd fjölda fólks af ólíkum uppruna og myndaði. Ágóðinn af sölu bókarinnar rann í Tómstundasjóðinn, en hann safnaði fyrir henni með Karolinafund hóp fjármögnun. Verkefnið gekk mjög vel, var kynnt víða m.a. í dagblöðum og á sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Afrakstur bókarinnar var 230.000 kr. Frumkvæði og fjárframlag Benedikts vakti athygli og er öðrum til fyrirmyndar.

Alls hafa safnast í Tómstundasjóðinn um 4,5 milljónir. Úthlutað var um 1,3 milljónum og staða sjóðsins um áramót því 3,2 milljónir.

Í hvert skipti sem þú kaupir flösku af Toppí, gefur þú 3 LÍTRAR af hreinu vatni til Afríku.

 Rauði krossinn

**SLÖKKTU MEIRA
EN ÞINN
EIGIN ÞORSTA**

1 TOPPUR
3 LÍTRAR AF
VATNI TIL AFRÍKU



Vífilfell hefur styrkt vatnsbrunnaverkefni í Afríku undanfarin þrjú ár

Fyrirtækjasamstarf

Fjöldmörg fyrirtæki um allt land styrktu félagið með einum eða öðrum hætti, t.d. með beinum fjárstyrkjum, auglýsingastyrkjum, vörustyrkjum, afsláttum og sjálfboðavinnu. Rauði krossinn sótti um styrki í ýmsa sjóði vegna sífelluverkefna og tímabundinna verkefna.

Formlegt samstarf var við eftirfarandi fyrirtæki:

Eimskip/Flytjanda sem flutti og tók á móti fatnaði, en samningur hefur verið um samstarfið um hríð. Þá var samvinna um átaksverkefnið Fatasöfnun að vorlagi sem haldið er árlega til að minna almenning á að gefa notaðan fatnað, textíl og skó. Unnið var með Eimskip að því að gera samstarfið við Rauða krossinn sýnilegra.

Sorpu um ýmsa þætti fataverkefnis Rauða krossins og móttöku fatnaðar samkvæmt samningi þar um.

Arion banka sem er aðal viðskiptabanki Rauða krossins. Bankinn studdi jólaaðstoð með 2 milljón króna framlagi og útvegaði einnig húsnæði, kaffi, te og með því á málþingi um mannauð innflytjenda sem haldið var í höfuðstöðvum bankans við Borgartún í nóvemberlok.

Vífilfell (Coca Cola Ísland) er styrkti vatnsbrunnaverkefni í Malaví í Afríku undanfarin þrjú ár um alls 7,5 milljónir en því verkefni lauk á árinu og var skýrsla gerð um verkefnið. Vífilfell var einnig viljugt að gefa Topp og annað fyrir viðburði á vegum Rauða krossins. Ný samstarfsverkefni eru í burðarliðnum.

Lín Design var í samstarfi um fatasöfnun og framleiðslu á innkaupapakum með það að markmiði að hvetja almenning til endurnýtingar á fatnaði, notkunar á fjölnotapakum og draga með því úr óumhverfisvænum umbúðum og um leið styrkja hjálparstarf Rauða krossins.

Alvogen lagði baráttunni gegn fordómum lið með framlagi til Vertu næs verkefnisins og kynningum á kostum fjölmennings. Rauði krossinn tók þátt í Color Run í júnímánuði, unnið var með Manhattan Marketing og Basic International ehf. að kynningarefni. Um 70 sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum unnu á vettvangi og neyðarteymi aðstoðaði þá sem urðu fyrir óhöppum. Með þessari samvinnu komu 3 milljónir til Vertu næs verkefnisins. Fjöldmargir hlauparar tóku þátt í hlaupinu og mikil litagleði var í gangi sem minnti viðstadda á fjölbreytileikann. Tvö verkefni fengu styrkt frá Color Run en auk Vertu næs verkefnisins hlaut Reykjadalur sem rekinn er af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra styrk.

Domino's Pizza styrkti á árinu Konukot um 5,8 milljónir með sölu á góðgerðarpizzu í eina viku sem Hrefna Sætran matreiðslumaður setti saman. Lengi hefur verið í umræðu samstarf við Domino's Pizza í formi fjárflyunar til bágstaddra og var þetta ánægjulegt samstarf.

Nova hóf samstarf við Rauða krossinn á árinu um alhlíða símaþjónustu og markaðs- og kynningarmál.

Markaðsdeild Nova var mjög áhugasöm um að aðstoða Rauða krossinn í neyðarsöfnunum og komu að söfnun og kynningu á verkefnum félagsins. Einnig var Aur greiðslu-app Nova nýtt í fjáröflun í björgunaraðgerðum fyrir flóttafólk í sjávarháska á Miðjarðarhafinu.

Öll símafyrirtæki styðja Hjálparsíma Rauða krossins 1717 með gjaldfrjálsu númeri.

Samningur er við **Vodafone** um sölu á barnaefninu Hjálpfús í gegnum Vod/leiguvef fjölvarpsins.

Pósturinn dreifði pokum frítt undir föt fyrir fatasöfnun Rauða krossins að vorlagi og veitti góðan afslátt á dreifingu á jólaheftinu og fleiru í póstpjónustunni.

Endurvinnslan tók á móti dósum, plast- og glerflöskum á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu í þágu félagsins. Fólk getur lagt starfinu lið með því að leggja andvirðið inn á reikning Rauða krossins á staðnum.

Hvíta húsið auglýsingastofa var samstarfsaðili Rauða krossins í fjölmörgum verkefnum árið 2016.

Miðlun aflaði Mannvina og styrkja frá fyrirækjum og einstaklingum samkvæmt samningi þar um, m.a. í verkefnum Kaupum til góðs þar sem ágóði af sölu á kaffi rann til Hjálparsímans 1717.

Styrkir

Unnið var að styrkumsóknum til einstakra verkefna þar sem líklegt var að ná árangri.

Vertu næs fékk, eins og áður sagði, 3 milljón króna styrk frá Alvogen og Color Run en víða var leitað styrkja til verkefnisins.

Útmeð'a samstarfsverkefni Geðhjálp og Hjálparsímans 1717 fékk 900.000 króna styrk frá Sorpu/Góða hirðinum á árinu. Útmeð'a fékk einnig styrk frá Valitor, 1 milljón króna.

Lýðheilsusjóður landlæknisembættisins styrkti Hjálpar-símamann um 1 milljón kr. og SAFT-styrkur frá Heimili og skóla hjóðaði upp á 1,2 milljónir. Verkefnið Kaupum til góðs gaf af sér tæpar 2 milljónir. Einnig fór arfur að upphæð tæpra 2 milljóna til Hjálparsímans.

Sótt var á ýmsum stöðum til Áfallasjóðs og fengust 500 þúsund kr. frá Sorpu/Góða hirðinum en Sorpa/Góði hirðirinn studdi einnig jólaaðstoðina um 1 milljón kr. Samfélagssjóður Landsvirkjunar studdi jólaaðstoðina einnig um 1 milljón kr. Fleiri studdu jólaaðstoðina í ár

samanber lista hér til hliðar. Öldrunarráð Íslands studdi úttekt á heimsóknavinaverkefnum um 150.000 kr.

Nemendur og stjórnendur skóla, bæði grunnskóla og framhaldsskóla hafa í vaxandi mæli lagt hjálparstarfi Rauða krossins lið í góðgerðarvikum eða öðrum uppákomum. Þar á meðal er Grundaskóli Akranesi sem var með sína árlegu söfnun fyrir Malaví og söfnuðust að þessu sinni 452 þúsund krónur.

Samráð var við deildir, einkum Reykjavíkurdeild, um umsóknir í sjóði fyrir sum af stærstu verkefnum þeirra til opinberra aðila s.s ráðuneyta og fyrirtækja sem starfa á landsvísu. Bæði var um sífelluverkefni að ræða og þróunarverkefni.

Framlög úr ríkissjóði til alþjóðlegra verkefna

Framlög frá utanríkisráðuneytinu og úr ríkissjóði til alþjóðlegra verkefna árið 2016 voru samtals um 255 milljónir.

Framlög	Upphæð
Aukið fæðuöryggi í Malaví	9.000.000
Aukið viðnámsþol nærsamfélaga í Malaví	20.000.000
Uppbygging upplýsinga- og samskiptatækni í 10 lágtekjulöndum Afríku	7.425.000
Stuðningur við munaðarlaus börn í Sómalíu	16.987.000
Barátta gegn mansali í Hvíta-Rússlandi	13.622.146
Aðstoð við geðfatlaða í Hvíta Rússlandi	33.300.000
Björgun flóttafólks og farenta á Miðjarðarhafi	20.000.000
Neyðaraðstoð til flóttafólks og farenta í Grikklandi	24.462.500
Mannúðaraðstoð í Sýrlandi	25.049.600
Efling neyðarheilbrigðisþjónustu Rauða krossins í Líbanon	51.860.000
Innviðir Rauða krossins í Líbanon eflidir vegna mikils álags	13.786.875
Stuðningur við flóttafólk frá Suður-Súdan í Úganda	20.000.000
Alls	255.493.121



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins í Reykjavík gefa kakó gegn frjálsum framlögum

Jólaaðstoð

Jólaaðstoð deilda var með margvíslegum hætti. Flestar deildir unnu með aðilum í nærsamfélaginu að öflun fjár og úthlutun þess, sótt var um styrki til fyrirtækja og stéttarfélag lögðu verkefninu lið. Alls stóðu 37 deildir að úthlutun neyðaraðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna um jólin. Sum framlögin voru send beint til deilda en önnur í gegnum landsskrifstofu. Heildarupphæð jólaaðstoðar á landsskrifstofu voru tæpar 10 milljónir króna, sjá töflu.

Jólasjóður landsskrifstofu	Upphæð
VR (að auki 200 þúsund króna framlag til deildanna í Vestmannaeyjum, á Akranesi og á Austurlandi)	1.700.000
Samfélagssjóður Landsvirkjunar	1.000.000
Arion banki	2.000.000
Bakkavör	1.000.000
Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ)	1.000.000
Ríkissjóður	550.000
Samiðn, Byggiðn, Félag tæknigreina	450.000
Minni fyrirtæki og einstaklingar	1.000.000
Alls	9.700.000

Áfallasjóður

Áfallasjóður Rauða krossins var stofnaður á 91 árs afmæli Rauða krossins þann 10. desember 2015 og er samstarfsverkefni deilda á höfuðborgarsvæðinu. Áhersla er lögð á að hjálpa fólki til að ná sér aftur á strik eftir ófyrirséð fjárhagslegt áfall, svo sem í tengslum við sjúkdóma og slys en stefnan er einnig að ná til tekjulágra fjölskyldna sem ekki njóta nægrar aðstoðar annarra aðila.

Í sjóðinn runnu rúmar 7 milljónir króna á árinu 2016 í formi styrkja frá fyrirtækjum og einstaklingum, auk framlags deilda á höfuðborgarsvæðinu um 6 milljónir króna. Úthlutað var rúmum 9.7 milljónum.



Hjálpar- og mannúðarsvið

Hjálpar og mannúðarsvið sinnir í senn verkefnum sem lúta að alþjóðlegu hjálparstarfi sem og verkefnum með og í þágu flóttafólks og hælisleitenda á Íslandi. Árið 2016 var viðburðarríkt ár á sviði þessara málaflokka. Aldrei áður hafa jafnmargir einstaklingar sótt um alþjóðlega vernd eins og á árinu 2016 eða alls 1132 einstaklingar, sem er þreföldun frá árinu 2015 sem jafnframt var metár. Rauði krossinn tók á móti 56 svokölluðum kvótaflóttamönnum frá Sýrlandi í samvinnu við stjórnvöld og nokkur sveitarfélög í landinu. Umfang alþjóðlegs hjálparstarfs óx mikið samfara auknum fjölda flóttafólks vegna átaka og hamfara.

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Sjálfbærni er rauði þráðurinn í 17 heimsmarkmiðum alþjóðasamfélagsins til ársins 2030

Verkefni Rauða krossins miðast við sérstöðu hreyfingarinnar, sem eru meðal annars að bregðast fljótt við neyð, vinna á heimsvísu og nýta krafta sjálfbæðilaða í grasrótinni.

Á þeim rúmu 70 árum sem Rauði krossinn á Íslandi hefur unnið að hjálparstarfi erlendis hefur það vaxið og dafnað. Á árinu 2016 kom Rauði krossinn á Íslandi að verkefnum í þrettán löndum í þremur heimsálfum. Verkefni eru ýmist víthliða, marghliða og í gegnum Alþjóðasamband Rauða krossins og Alþjóðaráð Rauða krossins. Árangur Rauða krossins í alþjóðlegu hjálparstarfi hefur verið góður og staðfesti úttekt utanríkisráðuneytisins árið 2015 sem og utanaðkomandi úttekt á árinu 2016 hversu vel Rauði krossinn á Íslandi er í stakk búinn að sinna alþjóðlegu hjálparstarfi.¹

Á árinu 2016 voru starfsmenn hjálpar- og mannúðarsviðs með fjöldann allan af kynningum og fræðsluerindum um alþjóðlegt hjálparstarf, flóttafólk og hælisleitendur. Varlega áætlað voru kynningar haldnar fyrir á hátt í annað þúsund manns í skólum, fyrirtækjum, hjá félagasamtökum og á opnum fyrirlestrum.

¹ Á árinu 2016 gerði PWC úttekt á alþjóðlegu hjálparstarfi Rauða krossins sem og stofnanafærni félagsins hvað varðar fjárreiður og meðhöndlun fjármuna. Úttektin var gerð að beiðni utanríkisráðuneytisins og voru niðurstöðurnar jákvæðar en jafnframt komu fram mikilvægar og gagnlegar ábendingar, einkum hvað varðar skjölun gagna og áhættugreiningu.

² Sjá nánar um heimsmarkmið SP hér: <https://www.utanrikisraduneyti.is/heimsmarkmidin/>

Umhverfi alþjóðlegs hjálparstarfs og flóttamannamála

Umbreytingar í heiminum eru víða örar og þróun atburða hröð. Ýmsir atburðir koma á óvart líkt og Arabíska vorið og það sem á eftir fylgdi, ebólufaraldur í Vestur Afríku og átök á Krímsaga. Enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér og hvar næstu hamfarir, átök eða faraldur verða.

Árið 2015 setti alþjóðasamfélagið sér sautján heimsmarkmið til ársins 2030 þar sem sjálfbærni er rauði þráðurinn. Rauði krossinn styður við heimsmarkmiðin í orði og á borði í gegnum verkefni sín og tekur þátt í að þeim verði náð árið 2030.² Heimurinn árið 2020 mun verða talsvert breyttur frá árinu 2016. Rauði krossinn á Íslandi, sem og öll Rauða kross hreyfingin, verður að vera í stakk búinn að bregðast við óvæntum atburðum og leggja sín lóð á vogarskálarnar í þágu þolenda.

Stórfelldar hamfarir og átök auka á varnarleysi fólks og hrekur það á flóttu. Loftslagsbreytingar valda einar og sér miklum breytingum á veðrakerfum og fela m.a. í sér

hamfarir, þurrka og ofsaríngingar með tilheyrandi uppskerubresti og matvælaóryggi sem geta valdið eða aukið óstöðugleika og jafnvel vopnuðum átökum. Ein afleiðing hamfara og vopnaðra átaka eru fólksflutningar og flóttamannastraumur. Á sama tíma er mannfjöldi í heiminum enn að aukast, en árið 2025 er því spáð að jarðarbúar verði í kringum 8 milljarðar og 9 milljarðar árið 2043. Aukinn mannfjöldi þýðir að fleiri keppa um takmarkaðar auðlindir, ekki síst í löndum sem nú þegar eru fátæk, hafa veika innviði og eru oft á tíðum stríðshrjád. Aukið hlutfall ungs fólks, aukinn ójöfnuður milli ríkja og innan ríkja, heft aðgengi að heilsugæslu, atvinnuleysi, fátækt, loftslagsbreytingar og átök eru og verða hvati fólksflutninga innan og utan landamæra þessara ríkja. Þessi þróun krefst þess að fleiri þurfa að tala máli mannúðar og umburðarlyndis og um leið berjast gegn fordómum gegn flóttafólki og útlendingum almennt.



Hjálparstarf í flóttamannabúðum

Í lok árs 2016 var fjöldi fólks á flóttu í heiminum meiri en 65 milljónir, en það er mesti fjöldi flóttafólks frá síðari heimsstyrjöld. Með auknum fjölda flóttamanna vex þörfin fyrir alþjóðlegan stuðning. Stundum nær tiltekið ástand augum fjölmiðla en stundum ekki og stundum missa fjölmiðlar áhuga á ástandi sem hefur varað lengi. Þannig er hættu á að tiltekið ástand fái litla sem enga umfjöllun og þar af leiðandi verður erfiðara að fjármagna hjálparstarf á því svæði.

Það er fyrst og fremst skylda og viðfangsefni viðkomandi ríkja að takast á við þær mannúðarþarfir sem upp koma á þeirra yfirráðasvæði en stundum eru viðfangsefni stærri en svo að ríkin ráði við þau ein. Þá getur einnig verið að ríki hvorki vilji né geti brugðist við. Í þess háttar ástandi er alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans í einstakri stöðu til að hjálpa þolendum hamfara og átaka, en í nær öllum ríkjum heims er starfandi landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans sem jafnframt gegna stöðlutverki við stjórnvöld á sviði mannúðarmála á sama tíma og

þau bregðast við á eigin forsendum og í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, sjálfstæði, hlutleysi og óhlutdrægni. Innan hreyfingarinnar er það Alþjóðasambandið sem leiðir samhæfingu og samvinnu á hamfarasvæðum en Alþjóðaráð Rauða krossins sér um þá vinnu á átakasvæðum, oft þar sem fá eða engin önnur hjálparstök fá starfað.

Geta einstakra landsfélaga hreyfingarinnar til að bregðast við er takmörkuð, oft vegna skorts á fjármagni og/eða sterkum innviðum og upplýsingatækni til að samhæfa og skipuleggja hjálparstarf á vettvangi.

Þótt vopnuðum átökum á milli ríkja hafi fækkað talsvert undanfarna áratugi hafa innanríkisátök orðið algengari. Fleiri og smærri vopnaðir hópar, sem ekki eru á vegum ríkisstjórna eða lúta ekki skipulagðri stjórn, herja á almenna borgara og valda gríðarlegum skaða. Leggja þarf áherslu á að styrkja ramma alþjóðlegra mannúðarlaga og tryggja almennum borgurum betri vernd og um leið tryggja að þeir sem brjóta í bága við alþjóðleg mannúðarlög verði látnir svara til saka. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar mannúðarsamtaka eru æ oftast skotmörk í átökum eða að staða þeirra sem hlutlauss aðila á vígvellinum er ekki virt sem skyldi. Þetta flækir hjálparstarf Rauða krossins á vettvangi átaka.

Í maí 2016 var haldinn fyrsti leiðtogafundur sögunnar um mannúðarmál í Ístanbul í Tyrklandi þar sem um 6000 fulltrúar frá ríkisstjórnnum, alþjóðlegum hjálparstökum og annarra aðila sóttu. Á fundinum var meðal annars lögð áhersla á tengsl mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu við uppbyggingu friðar ásamt því að kalla eftir frekari stuðningi ríkisstjórna um heim allan við niðurstöður fundarins. Meginefni fundarins var að kalla eftir því að hjálparstök og ríkisstjórnir leituðu leiða til að gera hjálparstarf skilvirkara, áhrifaríka og opnara með það að markmiði að ná til fleiri nauðstaddra. Alþjóðahreyfing Rauða krossins tók virkan þátt í undirbúningi fundarins og á fundinum sjálfum og hafði meðal annars það hlutverk að vinna ásamt svissneskum yfirvöldum að því að auka aðgengi að fjármagni fyrir hjálparstök sem eru á vettvangi hamfara og ásamt sænskum yfirvöldum að ræða hvernig draga megi úr eyrnamerkingum stjórnvalda og annarra til hjálparstarfs sem getur meðal annars dregið úr skilvirkni og áhrifum hjálparstarfs. Rauði krossinn á Íslandi vill með framlagi sínu stuðla að sjálfbærni á heimaslóðum og koma í veg fyrir að fólk þurfi að flýja heimili sín eða heimaland. Á næstu árum mun Rauði krossinn á Íslandi í auknum mæli stuðla að *Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna* með því að vinna í gegnum Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans, með Alþjóðaráði Rauða krossins eða í samvinnu við systurfélög sín, eitt eða fleiri, að tilteknum verkefnum.

Evrópa

Miðjarðarhaf

Björgun flóttafólks og farenta úr sjávarháská á Miðjarðarhafinu

Gríðarleg aukning varð á ferðum flóttafólks og farenta frá ströndum Norður-Afríku yfir hafið til Ítalíu eftir að landamærum Makedóníu til Evrópu var lokað. Straumþunginn er mikill á þessum hluta hafsins og mun meiri en þekkt austar og hættan því þeim mun meiri. Samkvæmt tölum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna týndu meira en 5.000 manns lífi sínu á Miðjarðarhafi á árinu og 75% þeirra voru á leiðinni til Ítalíu. Þá náðu rúmlega 180.000 manns landi á Ítalíu, meira en 28.000 þeirra voru börn og 91% þeirra fylgdarlaus.



Flóttafólki komið til hjálpar

Rauði krossinn á Íslandi, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, svaraði neyðarkalli Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans og veitti tæpum 40 milljónum króna til björgunaraðgerða sem Rauði krossinn sinnir í samstarfi við MOAS (e. *Migrant Offshore Aid Station*) á hafi úti. Á undanförunum tveimur árum hefur MOAS náð að bjarga um 30.000 manns um borð í skip sín og flutt í öruggt skjól. Tveir íslenskir sendifulltrúar fóru um borð björgunarskipisins *Responder* til að taka þátt í aðgerðum, Jóhanna Jónsdóttir og Þórir Guðmundsson. Þórir vann sem upplýsingafulltrúi aðgerðanna um borð og Jóhanna sinnti hjúkrunarstörfum, en margir koma um borð í mjög slæmu líkamlegu ástandi. Á aðeins viku var 870 manns bjargað um borð í *Responder* og samtals 1107 manns á þeim tveimur vikum sem Þórir og Jóhanna tóku þátt í aðgerðum á sjó.

Björgunaraðgerðum Rauða krossins á Miðjarðarhafinu lauk í lok árs en tekin verður ákvörðun um framhaldið á vormánuðum 2017.

Grænland

Rauði krossinn á Íslandi hóf stuðning við uppbyggingu ungmennastarfs systurfélags síns á Grænlandi á árinu. Félagsleg vandamál ungmenna eru víða á Grænlandi,

mörg börn flosna upp úr skóla og hafa lítið fyrir stafni. Einn starfsmaður í fullu starfi stýrir starfinu sem miðar að því að byggja upp öflugan hóp af vel þjálfuðum ungum sjálfbóðaliðum í hinum fimm deildum Rauða krossins á Grænlandi. Sjálfbóðaliðarnir munu hljóta kennslu og þjálfun svo þeir geti á skipulagðan hátt náð til berskjaldaðra ungmenna, rofið einangrun þeirra, veitt þeim sálrænan stuðning og virkjað til þátttöku í uppbyggilegu félagsstarfi, leikjum og fræðslu. Rauði krossinn á Íslandi mun á tímabilinu 1. janúar 2016 til 30. júní 2017 veita uppbyggingarstarfinu 16 milljónir króna.

Armenía og Georgía

Um nokkurra ára skeið hefur Rauði krossinn á Íslandi, í samstarfi við danska, austurríska og svissneska Rauða krossinn, Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans aðstoðað Rauða krossinn í Armeníu og Georgíu við að styrkja neyðarviðbrögð og varnir en bæði löndin eru þekkt jarðskjálfta-, skriðu- og flóðasvæði. Árið 2016 hófst sjálfstætt framhald verkefnisins með fjárstuðningi frá stjórnarsviði mannúðaraðstoðar og almannavarna Evrópusambandsins (ECHO), sem miðar að því að efla viðnámsþrótt íbúa í báðum löndunum gagnvart hamförum og áhrifum þeirra. Á síðasta ári tóku sjálfbóðaliðasveitir í neyðarviðbrögðum þátt í endurmenntunarnámskeiðum og nýir sjálfbóðaliðar fengu grunnþjálfun og búnað. Fjöldmörg heimili og skólar fengu leiðbeiningarbæklinga um neyðarviðbrögð og kennarar fengu handbækur um neyðarviðbrögð sem þeir nýta í sérstökum kennslustundum þar sem farið er yfir helstu neyðarviðbrögð með skólabörnum. Rauði krossinn í Armeníu hefur einnig aðstoðað 170 skóla við að koma upp smábókasafni þar sem bæði kennarar og nemendur hafa aðgang að kennsluefni um neyðarvarnir og viðbrögð.

Hvíta-Rússland

Athvarf fyrir fólk með geðraskanir

Rauði krossinn á Íslandi hefur, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, fjármagnað rekstur athvarfs fyrir fólk með geðraskanir í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands frá árinu 2013 og mun samstarfið að minnsta kosti vara til loka árs 2018. Markmið athvarfsins er að vinna gegn fordómum, rjúfa einangrun fólks með geðraskanir, bæta lífsskilyrði þeirra og koma í veg fyrir endurinnlagnir á geðsjúkrahús. Í athvarfinu geta gestir fengið ráðgjöf og stuðning en einnig er í boði ýmis konar tómstundastarf og stofnaður hefur verið sjálfshjálparhópur þar sem fólk með geðraskanir aðstoðar hvert annað. Gestum athvarfsins hefur fjölgað jafnt og þétt frá því það var opnað og með aðstoð starfsmanna og sjálfbóðaliða athvarfsins hefur meiri hluti gesta náð að stíga sín fyrstu skref út í samfélagið aftur. Þessir einstaklingar koma af og til í heimsókn í athvarfið til að heilsa upp á starfsfólkið, sjálfbóðaliða þess og gesti.



Frá athvarfinu í Minsk

Athvarfið er starfrækt að fyrirmynd Vinjar, athvarfs sem Rauði krossinn á Íslandi kom á fót árið 1993. Talið er að um 100.000 manns þjáist af geðsjúkdómum í Hvíta-Rússlandi. Einungis 5% þeirra fá sólarhringsþjónustu á sjúkrahúsum en hin 95% þurfa að bjarga sér í samfélaginu án stuðnings hins opinbera.

Frá því athvarfið opnaði árið 2013 og til loka árs 2016 hafa samtals 77 einstaklingar nýtt sér athvarfið, sem er opið yfir daginn alla virka daga. Hjá athvarfinu starfa sex starfsmenn og 13 sjálfboðaliðar. Sumir sjálfboðaliðanna eru sjálfir „útskrifaðir“ gestir athvarfsins. Á árinu 2017 voru 26 einstaklingar skilgreindir sem reglulegir gestir. Alls hafa 44 einstaklingar „útskrifast“ og náð að bæta lífsskilyrði sín til muna. Þeir hafa náð tókum á erfiðleikum sínum, rofið einangrun sína og hafið á ný þátttöku í samfélaginu; haldið áfram námi, farið aftur til vinnu, bætt tengslin við fjölskyldu sína og vini. Einnig hafa a.m.k. 25 nánir ættingjar einstaklinga með geðræn vandamál notið stuðnings starfsfólks athvarfsins. Þeir hafa hlotið leiðsögn sálfræðinga og tekið þátt í ýmsum viðburðum sem athvarfið stendur fyrir.

Barátta gegn mansali

Frá árinu 2010 hefur Rauði krossinn á Íslandi, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, stutt systurfélag sitt í Hvíta-Rússlandi í baráttunni gegn mansali. Áætlað er að fjárhagslegur stuðningur taki enda í lok árs 2017. Rauði krossinn í Hvíta-Rússlandi rekur miðstöðina *Helping Hands Centres* þar sem fórnarlömbum mansals er veittur stuðningur. Þar fá þau leiðbeiningar um hvernig þau geta sótt sér sálrænan stuðning, lögfræðiaðstoð og hjálp við að koma undir sig fótunum á ný. Yfir 220 sjálfboðaliðar Rauða krossins sinna upplýsingamiðlun og forvörnum um hættur mansals á lestarstöðvum, torgum og öðrum fjölförnum stöðum um landið. Tekist hefur að ná til 3.080 barna og unglinga á aldrinum 7-35 ára í borgum og bæjum og a.m.k. 8.935 kennarar, foreldrar, starfsmenn borgar- og bæjaryfirvalda hafa hlotið fræðslu um mansal. Alls hlutu 259 starfsmenn og sjálfboðaliðar hvítrússneska Rauða krossins fræðslu og þjálfun í baráttunni gegn mansali.

Brúun hins stafræna bils

Rauði krossinn á Íslandi hefur undanfarin ár aðstoðað systurfélag sitt í Hvíta-Rússlandi við að koma upplýsinga- og samskiptatæknimálum sínum í gott horf með það að markmiði að gera hjálparstarf samtakanna skilvirkara og enn betra en það er í dag.

Rauði krossinn í Hvíta Rússlandi hefur glímt við hindranir þegar kemur að skipulagningu á hjálparstarfi sínu sem helgast meðal annars af skorti á tölvubúnaði og lélegri upplýsinga- og samskiptatækni. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans er aðalsamstarfsaðili Rauða krossins á Íslandi í þessu verkefni.

Miðausturlönd

Palestína

Rauði krossinn á Íslandi hefur um árabil stutt verkefni palestínska Rauða hálfmánans sem miða að því að veita fórnarlömbum átaka sem stöðugt geisa í Palestínu sálrænan stuðning. Stuðningurinn hefur verið í formi fjármagns sem og tæknilegrar aðstoðar sem íslenskir sendifulltrúar hafa veitt. Fjöldi fólks hefur misst aleigu sína, heimili, fjölskyldumeðlimi og ástvini í átökunum og margir hverjir stríða enn við kvíða og aðra sálræna kvilla.

Um 700 sjálfboðaliðar Rauða hálfmánans hafa fengið þjálfun til að veita sálrænan stuðning þegar áföll dynja yfir og geta brugðist við með stuttum fyrirvara. Að minnsta kosti 30 þúsund manns nutu stuðnings verkefnisins á árinu 2016. Sjálfboðaliðar verkefnisins eru til taks í sínum þorpum og bæjum og sinna stuðningi. Þá hefur einnig verið komið á fót ýmis konar þjónustu við börn og ungmenni sem þjást vegna stríðsátaka á svæðinu. Þau geta tekið þátt í hópum með jafnöldrum sínum þar sem þau leika sér saman og spjalla um hvernig þeim líður. Ungmenni geta einnig starfað sem sjálfboðaliðar og fá þá margvíslega þjálfun til að geta stutt þá sem líður illa. Fullorðnum býðst að taka þátt í sjálfshjálparhópum eða fá einstaklingsbundna ráðgjöf fagfólks.

Rauði krossinn á Íslandi hefur undanfarin ár stutt verkefni palestínska Rauða hálfmánans í samvinnu við systurfélög sín í Danmörku og á Ítalíu. Rauði krossinn á Íslandi mun áfram styðja dyggilega það góða uppbyggingarstarf sem unnið hefur verið í Palestínu.

Sýrland

Milljónir íbúa hafa misst heimili sín í stríðinu í Sýrlandi en talið er að tæplega fimm milljónir íbúa landsins hafi neyðst til að flýja landið á meðan um átta milljónir íbúa eru á vergangi innan stríðshrjáðs heimalands síns. Milljónir íbúa búa við gríðarlega neyð þar sem aðangur



Púsundir hafa notið góðs af vatnsverkefnum Rauða krossins í Malaví

að húsaskjóli, mat og vatni er af skörnum skammti en fjölmargir íbúa landsins búa enn á svæðum sem hafa lengi verið umsetin og erfitt er að komast að. Alþjóðaráð Rauða krossins og sýrlenski Rauði hálfmáninn (SARC) vinna gríðalega erfitt hjálparstarf sem er eitt það viðamesta og flóknasta í árarar. Með aðstoð utanríkisráðuneytisins veitti Rauði krossinn á Íslandi 25 milljónum árið 2016 til hjálparstarfs Alþjóðaráðs Rauða krossins í Sýrlandi sem komu milljónum Sýrlendinga til hjálpar. Þrátt fyrir afar erfið skilyrði fengu 15 milljónir íbúa aðgang að vatni og bættri hreinlætisþjónustu, 10 milljónir manna fengu matvæli og rúmlega 2 milljónir einstaklinga nauðsynleg hreinlætis- og heimilisáhöld. Í langflestum tilvikum dreifa sjálfboðaliðar og starfsmenn sýrlenska Rauða hálfmánans hjálpargögnum til íbúa landins. Fjöldinn allur af spítölum og heilsugæslum hafa orðið stríðinu að bráð og því hefur aðgangur íbúa að heilsugæslu skerst mikið. Alþjóðaráðið í samstarfi við sýrlenska Rauða hálfmánann hefur unnið hörðum höndum við að koma sjúkragögnum í réttar hendur og veita spítölum, heilsugæslum og starfsfólki þeirra nauðsynlega aðstoð í formi þjálfunar, búnaðar og nauðsynlegra sjúkragagna svo hægt sé að sinna þolendum stríðsins.

Líbanon

Vegna átakanna í Sýrlandi hefur mikill fjöldi flóttamanna flúið heimland sitt og leitað skjóls í öðrum ríkjum. Í Líbanon eru yfir milljón flóttamanna sem flúið hafa átökin í Sýrlandi og nú þegar eru flóttamenn fjórðungur íbúa Líbanon. Það er hlutfall sem á sér enga hliðstæðu en að auki er mikill fjöldi palestínskra flóttamanna í landinu. Vegna þessa mikla fjölda flóttamanna er heildarfjöldi íbúa landsins á tölverðu reiki, en telja má að þeir séu á milli fimm og hálf til sex milljónir. Þessi gríðarlegi fjöldi flóttamanna hefur valdið miklu álagi á innviði Líbanons og sömuleiðis lagt þungar fjárhagslegar

byrðar á líbönsku þjóðina sem nauðsynlega þarf á aðstoð að halda við að hýsa þennan fjölda.

Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt systurfélag sitt í Líbanon dyggilega við að auka getu sína til að koma lífsnauðsynlegri aðstoð til sýrlenskra flóttamanna sem og annarra berskjaldaðra íbúa landsins.

Systurfélagið vinnur að því að efla neyðarheilbrigðisþjónustu félagsins, en líkt og á Íslandi sér líbanski Rauði krossinn um rekstur sjúkrabíla í landinu og er þjónustan opin öllum íbúum landsins. Rauði krossinn og utanríkisráðuneytið fjármagna mikilvægan þátt þessarar uppbyggingar sem snýr að því að koma á fót gæðakerfi sem verður helsta tólið í því að tryggja að félagið hafi getu til að mæta þeirri gríðarlegu þörf sem fyrir er í landinu.

Á árinu 2016 hefur Rauði krossinn á Íslandi, með dyggum stuðningi utanríkisráðuneytisins, gert líbanska systurfélaginu kleift að byggja upp getu innan fjármáladeildar félagsins, sem hafði ekki bolmagn til þess að halda utan um alla þá mikilvægu vinnu sem félagið hefur verið að sinna síðan stríðið í Sýrlandi hófst. Mikill ávinningur hefur unnist á árinu og mun félagið í Líbanon halda áfram uppbyggingunni eftir að stuðningi íslenska systurfélagsins lauk í lok ársins 2016.

Afríka

Malaví

Rauði krossinn á Íslandi hefur frá árinu 2002 starfað náið með systurfélagi sínu í Malaví að uppbyggingu félagsins svo það geti betur stutt íbúa landsins, sem er eitt það þéttbýlasta og fátækasta í álfunni. Rauði krossinn á Íslandi hefur notið dyggilegs stuðnings



Samstarf Rauða krossins og Rauða hálfmánans í þágu munaðarlausra og heilbrigðisaðstoðar

utanríkisráðuneytisins, Mannvina, Vífilfells, grunnskóla-barna í Grundarskóla á Akranesi og í Frostaskjólí og fleiri samstarfsaðila við að bæta heilbrigðisþjónustu á verkefnasvæðum og auka fjölda borhola og þar með stórauka aðgengi að hreinu vatni. Í Malaví er það á ábyrgð mæðra og stúlkna að sjá heimilum fyrir vatni sem getur þýtt margra klukkustunda göngu hvern dag að sækja vatn. Þá veitir Rauði krossinn munaðarlausum og berskjölduðum börnum stuðning svo þau megi ganga í skóla. Nemendur á fjölmörgum verkefnasvæðum hafa í fyrsta skipti aðgengi að klósetti og handþvotti sem dregur ekki bara úr niðurgangspæstum og magakveisum heldur rennir slíkt einnig stoðum undir áframhaldandi menntun, sérstaklega stúlkna. Um 400 sjálfboðaliðar Rauða krossins í Malaví ferðast um héruð og fræða þorpsbúa um mikilvæg málefni, til að mynda hvernig verjast má malaríu, hvernig stunda má öruggt kynlíf og góða lifnaðarhætti. Um 150.000 Malava í þremur héruðum njóta góðs af verkefninu en héröðin eru Chicwawa, Mangochi og Mwanza. Rauði krossinn á gott samstarf við yfirvöld í Malaví og helstu samstarfsaðilar í verkefninu eru systurfélög Rauða krossins í Finnlandi, Danmörku og á Ítalíu.

Snemma á árinu 2016 var neyðarástandi lýst yfir í Malaví vegna uppskerubrests í kjölfar mikilla þurrka og flóða sem leikið hafa stór svæði landsins illa. Rauði krossinn ákvað að veita systurfélagi sínu í Malaví 15 milljón króna styrk, þar af komu níu milljónir frá utanríkisráðuneytinu, svo hægt væri að veita börnum í Chicwawa og Mwanza-héruðum máltíðir í skólunum. Með aðstoð Rauða krossins fá 13.500 börn nú máltíð í skólanum, oft sína einu máltíð yfir daginn. Verkefnið hófst í maí 2016 og mun ljúka í lok árs 2017.

Sierra Leóne

Nám og starfsþjálfun í endurhæfingarathvarfinu í Moyamba

Um nokkurra ára skeið hefur Rauði krossinn á Íslandi árlega stutt um 150 ungmenni í Sierra Leóne til starfsþjálfunar í endurhæfingarathvarfi í borginni Moyamba. Athvarfið opnaði árið 2010 með það fyrir augum að aðstoða ungmenni við að takast á við áhrif borgarastyrjaldarinnar sem stóð yfir frá 1991-2002. Borgarastriðið hafði gríðarlega áhrif á land og þjóð og þá ekki síst þroska barna og unglunga. Þúsundir þeirra urðu þolendur barnahermennsku og mörg hver urðu fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi eða urðu vitni að ofbeldi er tengdust missi foreldra, ættingja og vina. Borgarastriðið hafði einnig gríðarlega neikvæð áhrif á skólakerfið og skólaþátttöku barna sem og á atvinnuuppbyggingu sem gerði það að verkum að mörg börn og unglingar leiddust út í glæpi og vændi.

Athvarfið í Moyamba hefur gefið ungmennunum tækifæri til menntunar sem þau hefðu annars ekki haft aðgang að. Þau stunda iðnnám t.d. í trésmíði, klæðskerasaum eða annarri valinni iðngrein og hvert og eitt þeirra fær áhöld fyrir sitt sérsvið sem þau fá síðan til eignar að námi loknu eins og sagir, hamra, hefla, saumavélar o.fl. Markmiðið með náminu er að ungmennin hafi náð færni í þeirri iðn sem þau leggja stund á og hafi þannig aðgang að atvinnu í sinni iðngrein eða hafi komið sér upp sinni eigin atvinnustarfsemi við lok náms. Eftir því sem tækifæri skapast reynir athvarfið að tengja námið við verkefni sem eru í gangi í héraðinu en vorið 2016 tóku 15 nemendur athvarfsins þátt í að aðstoða við endur-

byggingu 5 vatnsbrunna í Moyamba héraði en einnig tóku nemendur þátt í byggingu kirkju í nágrennahéraði Moyamba. Ásamt iðngreinum leggja nemendur stund á grunngreinar eins og lestur og stærðfræði og önnur almenn fög. Athvarfið leggur einnig áherslu á að veita nemendum sálrænan og félagslegan stuðning svo þau megi finna sér farveg í þjóðfélagi sem enn er að takast á við afleiðingar borgarastyrjaldar sem og ebólufaraldurs sem herjaði á landsmenn árið 2014 og 2015. Einstæðar mæður njóta einnig menntunar í athvarfinu sem býður upp á barnagæslu sem gerir þeim kleift að stunda nám sitt óhindrað. Mæður 15 barna nutu aðstoðar barnagæslu athvarfsins skólaárið 2015-2016. Samfélagið í nágrenni athvarfsins nýtur einnig góðs af starfsemi athvarfsins en íbúar fá aðstoð við grænmetisrækt ásamt fræðslu um hreinlæti og heilsufar. Vegna ebólufaraldursins sem geisaði fram til loka árs 2015 lá allt skólahald í landinu niðri til að sporna gegn útbreiðslu sjúkdómsins og því setti faraldurinn gríðarlegt mark á samfélagið í heild sinni, ekki síst skólakerfið og aðgengi barna og unglinga að námi og neyddist athvarfið því til að loka. Við enduroppun athvarfsins haustið 2015 skráðu 150 ungmenni sig til náms í hinum ýmsu iðngreinum. Samantals 148 nemendur, 87 stúlkur og 59 drengir, sem eftir útskrift var fylgt út í atvinnulífið til að tryggja að námið nýtist þeim sem best til framtíðar. Þetta var fimmti útskriftarhópur nemenda sem útskrifast frá athvarfinu frá því að það opnaði árið 2010.



Fjórir flottir strákar í Sómalíu

Sómalía

Rauði krossinn á Íslandi hefur starfað með Rauða hálfmánanum í Sómalíu frá því árið 2011 þegar neyðaraðstoð var veitt vegna alvarlegrar hungursneyðar í Sómalíu sem dró um 250 þúsund manns til dauða. Síðan þá hefur Rauði krossinn á Íslandi stutt systurfélag sitt í Sómalíu með dyggilegri aðstoð utanríkisráðuneytisins og Alþjóðasambands Rauða krossins. Stuðningurinn hefur einkum verið í þágu munaðarlausra barna og í forni heilbrigðisaðstoðar við yfir 30.000 hirðingja.



María Ólafsdóttir sendifulltrúi fór til Grikklands að sinna almennum heimilislækningum

Heilsugæsla á hjólum

Á árinu 2016 hélt Rauði krossinn áfram að fjármagna starfsemi heilsugæslu á hjólum í Ghalbeed-héraði í Sómalíu eins og gert var árin á undan, en árið 2016 hlaut góður stuðningur frá Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða krossins sem fjármagnaði öll lyf og hjúkrunarvörur fyrir heilsugæsluna starfsárið 2016. Heilsugæslan sem er rekin af sómalska Rauða hálfmánanum í samstarfi við Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans samanstendur af lækni, hjúkrunarfræðingi og ljósmóður sem fara á milli hirðingjasamfélaga í héraðinu á bíl og veita heilbrigðisþjónustu.

Sómalía er eitt fátækasta ríki heims og er talið að yfir 40% þjóðarinnar búi við sára fátækt og lifi á innan við einum dollara á dag. Talið er að meira en 300.000 börn undir fimm ára séu vannærð og 1.7 milljón börn á skólaaldri stundi ekki nám. Opinber heilsugæsla er bágborin og er þetta eina heilsugæslan sem hirðingjasamfélögin í Ghalbeed-héraði eiga vöð á en alls búa þar rúmlega 30.000 einstaklingar. Í Sómalíu er barnadauði einn sá mesti í heiminum, en eitt af hverjum tíu börnum deyr áður en það nær eins árs aldri og ein af hverjum 12 konum látast af barnförum. Ásamt því að sinna almennri lækniþjónustu leggur heilsugæslan sérstaka áherslu á að veita konum á barneignaldri og mæðrum þjónustu og fræðslu. Konur á barneignaraldri eru bólusettar við stífkrampa, barnshafandi konur hafa aðgang að mæðravernd og fæðingaraðstoð og foreldrar fá aðstoð við að tryggja heilbrigði barna sinna. Heilsugæslan bætir því verulega heilsufar og lífslíkur barna og kvenna og allra annarra íbúa héraðsins sem þurfa á lækniástoð að halda. Árið 2016 nýtti fjöldi einstaklinga sér þjónustu heilsugæslunnar. Börn undir fimm ára aldri voru bólusett, m.a. gegn mislingum, og komu í eftirlit og mælingar. Fjölskyldur fengu fræðslu um heilbrigði og næringu, einkum foreldrar vannærðra

barna sem fengu aðstoð við að vinna á vannæringu barna sinna. Frá ári til árs er skráð aukning á notkun heilsugæslunnar sem er greinilegt merki þess að þjónustan ber árangur og íbúar Ghalbeed-héraðs verða sífellt meðvitaðri um þjónustuna og mikilvægi hennar þegar kemur að heilsufari, sérstaklega barna og barnshafandi kvenna. Rauði krossinn hyggst halda áfram að styðja heilsugæsluna í Ghalbeed-héraði árið 2017.

Stuðningur við flóttafólk frá Jemen í Sómalíu

Undir lok árs 2015 veitti Rauði krossinn á Íslandi tæpri einni og hálfri milljón króna til aðgerða sómalska Rauða hálfmánans og Alþjóðasambands Rauða krossins til stuðnings flóttafólki frá Jemen sem flúið hafði stríðsátök í sínu heimalandi, en í mars 2015 hóf her Saudi Arabíu loftárásir gegn uppreisnarhópum í Jemen. Undir lok árs 2016 höfðu þúsundir einstaklinga, bæði jemenskir ríkisborgarar en einnig Sómalir sem áður höfðu leitað skjóls í Jemen vegna átaka heima fyrir, flúið yfir til hafnarborganna Berbera í Sómalílandi og Bosasa í Puntlandi. Aðgerðum sómalska Rauða hálfmánans, sem einnig voru styrktar af fleiri landsfélögum, lauk í janúar 2016 en þær samanstóðu af uppsetningu móttökustöðva í borgunum tveimur þar sem tekið var á móti flóttafólkinu og þeim veitt nauðsynleg heilbrigðisþjónusta, matvæli og hreinlætisvörur. Þegar verkefninu lauk í janúar 2016 hafði fjöldiflóttamanna frá Jemen komið til hafnarborganna tveggja og fengið heilbrigðis- og matvælaaðstoð frá SRCS.

Munaðarlaus börn í Sómalíu

Frá árinu 2012 hefur Rauði krossinn á Íslandi veitt munaðarlausum börnum í Sómalíu stuðning, einkum í Hargeisa í Sómalílandi og Beira og Garowe í Puntlandi þar sem húsnæði og aðstaða barnanna hefur verið byggð og bætt. Undir lok ársins 2015 ákvað Rauði krossinn að bæta enn frekar aðstæður skólubarna í Beira en tæplega 17 milljón króna styrkur kom frá utanríkisráðuneytinu til verkefnisins. 214 nemendur (83 stúlkur og 131 drengir) stunda nám við skólann í Beira. 70 nemendur skólans (33%) eru munaðarlausir og því er skólinn ekki einungis staður þar sem börnin stunda nám heldur einnig heimili þeirra. Verkefnið sem hófst árið 2016 og stóð yfir í nokkra mánuði miðaði að því að bæta lífskjör og námsumhverfi allra barnanna, en sérstök áhersla var lögð á að bæta aðstæður munaðarlausu barnanna sem búa á heimavistinni. Með stuðningi Rauða krossins og utanríkisráðuneytisins keypti sómalski Rauði hálfmáninn vatnstank sem settur var upp við skólann til að tryggja nemendum og kennurum betra aðgengi að vatni. Áður barst vatn til skólans í gegnum vatnslögn sem einungis virkaði þegar rafall var í gangi til að pumpa vatni úr vatnsborholu bæjarins. Vatnstankurinn bætir því gríðarlega aðgengi allra nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans að vatni og stuðlar því að betra hreinlæti,

sérstaklega þar sem aðgengi að vatni á salernum skólans er nú orðið stöðugt. Svefnálma munaðarlausra stúlkna í skólanum var einnig stækkuð ásamt því að byggð var heimilisaðstaða fyrir umsjónarkonu þeirra. Einnig voru keyptar nýjar dýnur fyrir þau 70 börn skólans sem eru munaðarlaus og búa á heimavistinni. Sólarrafhlöður voru einnig keyptar og settar upp fyrir heimavistarskólann til að koma á stöðugu rafmagni og ljósi í eldhúsi skólans og svefnherbergjum stúlkanna. Stuðningurinn frá Íslandi bætir því ekki einungis aðstöðu barnanna heldur eykur möguleika þeirra til náms þar sem aðgangur að ljósi gerir það að verkum að nú geta öll börn skólans lesið og stundað heimanám eftir myrkur á kvöldin.

Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi árið 2016

Á árinu 2016 fóru 14 sendifulltrúar til starfa á erlendum vettvangi fyrir Rauða krossinn á Íslandi og störfuðu þeir að 16 verkefnum í alls 43,3 mannmánuði. Að auki voru tveir aðrir sendifulltrúar af Veraldarvakt, útkallslista sendifulltrúa og verðandi sendifulltrúa, við störf fyrir Rauða kross hreyfinguna á beinum starfssamningum í alls 24 mannmánuði svo segja má að af útkallslista Rauða krossins á Íslandi hafi í allt 16 einstaklingar unnið að alþjóðlegum hjálparstörfum á vegum hreyfingarinnar og starfað í samtals 67,32 mannmánuði.

Nokkuð færri sendifulltrúar fóru til starfa árið 2016 en 2015, en ástæðan er sú að starfsfólki reynist erfiðara að losa sig úr störfum hérlendis, sérstaklega heilbrigðisstarfsfólki, en næg verkefni eru til staðar og eftirspurn eftir starfsfólki frá Rauða krossinum á Íslandi. Þó að verkefni og fjöldi sendifulltrúa hafi verið þó nokkuð færri en árið 2015 er lítil munur á fjölda mannaáða. Fleiri fóru í sendifulltrúaferðir vegna neyðarviðbragða árið 2015, sem að jafnaði eru styttri starfsferðir en þróunar- og uppbyggingarverkefni og fleiri sendifulltrúar voru á langtíma samningi, sérstaklega ef teknir eru með þeir Veraldarvaktarfélagar sem starfa í Genf og hafa gert sl. áratug.

Samanburðartafla 2012 – 2016 yfir fjölda útsendra sendifulltrúa á einu ári

Ár	Fjöldi sendifulltrúa	Fjöldi verkefna	Mannmánuðir
2016	15	18	67,32**
2015*	24	29	70,25
2014	15	21	55,25
2013	15	17	63,25
2012	15	17	73,5

*Jarðskjálfti reið yfir Nepal á vormánuðum sem olli mikilli eyðileggingu í landinu. Nokkur fjöldi sendifulltrúa starfaði í tjaldsjúkrahúsi sem sett var upp til að sinna slösuðum og sjúkum.

** Inni í þessari tölu eru sendifulltrúar sem starfa hjá Alþjóða Rauða krossinum í Genf.

Eins og oft áður voru heilbrigðisverkefni sá málaflökkur sem flestir sendifulltrúar störfuð að á árinu 2016. Níu sendifulltrúar sinntu alls 10 heilbrigðisverkefnum og vörðu í það um ríflega 16 mannmánuðum.

Verkefni á sviði fjármála og stjórnunar og verkefni á sviði upplýsinga- og kynningarmála voru jafnmörg eða þrjú í hvorum málaflökki. Í fjármála- og stjórnunarverkefni var varið alls 35,88 mannmánuðum en upplýsinga- og kynningarmál voru alls 13,25 mannmánuðir.

Fjölbreytt verkefni víða um heim

Sendifulltrúar störfuðu í fjórum heimshlutum. Athygli vekur að þó þeir skiptist nokkuð jafnt þá voru flestir við störf í Evrópu sem er óvanalegt ef miðað er við síðustu ár og áratugi. Tveir sendifulltrúar fóru í sína fyrstu starfsferð á vegum Rauða krossins árið 2016. Kynjahlutföll voru þannig að 9 konur sinntu 11 verkefnum, en 6 karlar unnu að jafnmörgum verkefnum.

Staður	Fjöldi sendifulltrúa*
Evrópa	7
Asía	2
Miðausturlönd	3
Afrika	3
Samvinnuverkefni	4
Alþjóðaráð Rauða krossins (IFRC)	6
Alþjóðasamband Rauða krossins (ICRC)	4

*Athugið að sendifulltrúar geta sinnt nokkrum verkefnum yfir tímabilið og er því ekki um samtölu að ræða.

Alþjóðleg námskeið fyrir verðandi sendifulltrúa

Á árinu var haldið grunnnámskeið fyrir sendifulltrúa sem öllu jafna er kallað *IMPACT*. Þátttakendur voru alls 25. Af þeim voru 18 frá Rauða krossinum á Íslandi en aðrir komu frá Norðurlöndum, Nepal og Ástralíu.

SENDIFULLTRÚAR ÁRSINS 2016

Elín Jakobína Oddsdóttir

skurðhjúkrunarfræðingur fór í tvær starfsferðir á árinu til Suður-Súdan þar sem hún vann í færanlegu skurðaðgerðateymi Alþjóðaráðsins sem veitir særðum hermönnum aðstoð.

Helga Pálmadóttir hjúkrunarfræðingur starfaði í Suður-Súdan frá janúar til apríl. Hún vann sem deildarhjúkrunarfræðingur á sjúkrahúsi í Juba og einnig með færanlegri heilsugæslu á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins.

Helga Þórólfsdóttir friðar- og átakafræðingur og félagsráðgjafi starfaði við tvær sendiferðir á árinu. Hún lauk störfum í Írak um miðjan febrúar og rúmum mánuði síðar hóf hún störf í Íran fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins. Hún starfaði að samstarfs- og samhæfingu Rauða kross hreyfingarinnar í löndunum tveimur.

Hlér Guðjónsson hóf störf í Austur-Asíu með aðsetur í Peking í Kína í október árið 2014. Þar sinnti hann upplýsinga- og kynningarfulltrúastörfum á svæðaskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins til nóvemberloka 2016.

Hólmfríður Garðarsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir starfaði í Suður-Súdan fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins. Starfsheiti hennar var „flying midwife“.

Jóhann Thoroddsen sálfræðingur hélt til Afganistan í ágúst og hélt námskeið í sálrænum stuðningi fyrir starfsfólk og sjálfbæði sem vinna á endurhæfingarstöð og gervilímaverkstæði sem Rauði hálfmáninn í Afganistan rekur í samstarfi við Alþjóðasamband Rauða krossins, ICRC.

Jóhanna Elísabet Jónsdóttir

hjúkrunarfræðingur starfaði í neyðarteymi, ERU, um borð í björgunarskipinu *Responder* sem sinnti björgun flóttamanna á Miðjarðarhafinu. Verkefninu var stýrt af Alþjóðasambandi Rauða krossins, IFRC og ítalska Rauða krossinum. Þetta var fyrsta starfsferð Jóhönnu fyrir Rauða krossinn.

Jón Magnús Kristjánsson bráðalæknir fór til Kirgistan í apríl 2016 að beiðni Alþjóðaráðs Rauða krossins til að kenna á svokölluðu ERTC námskeiði fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem vinnur á bráðadeildum sjúkrahúsa og heilsugæslu á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins, ICRC.

María Ólafsdóttir sérfræðingur í heimilislækningum fór í byrjun júní til Grikklands að sinna almennri heilsugæslu með neyðarteymi, ERU, finnska Rauða krossins í bæjunum Cheros og Nea Kevala. Verkefnið var samstarfsverkefni við Alþjóðasamband Rauða krossins, IFRC.

Pétur Maack Þorsteinsson sálfræðingur fór í sína fyrstu starfsferð fyrir Rauða krossinn í apríl er hann hélt til Palestínu til að framkvæma úttekt á samstarfsverkefni Rauða hálfmánans í Palestínu og Rauða kross félaganna á Íslandi, Ítalíu og Danmörku um áfallahjálpar. Verkefnið miðar að því að auka áfallalösl palestínska samfélagsins og bæta andlega líðan íbúa á Vesturbakkanum og Gaza.

Þórir Guðmundsson deildarstjóri hjá Rauða krossinum í Reykjavík og fjölmiðlafræðingur starfaði sem upplýsingarfulltrúi í neyðarteymi, ERU, um borð í björgunarskipinu *Responder*

sem sinnti björgun flóttamanna á Miðjarðarhafinu.

Tveir sendifulltrúar voru kallaðir af Veraldarvakt til að sinna kennslu á námskeiðum fyrir sendifulltrúa.

Helga Bára Bragadóttir mannfræðingur er leiðbeinandi á grunnnámskeiðum fyrir sendifulltrúa, *IMPACT*, og tók að sér kennslu og undirbúning *IMPACT* námskeiðs á Íslandi í september.

Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur brást við skyndilegri beiðni norska Rauða krossins um að kenna á *ERU Health* námskeiði í lok september.

Eins og áður segir störfuðu tveir sendifulltrúar af Veraldarvakt fyrir stofnanir Alþjóða Rauða krossins í Genf og hafa gert undanfarin ár.

Karl Sæberg Júlísson afbrotafræðingur hefur starfað að öryggismálum fyrir Alþjóðasamband Rauða kross félaga í áraradír. Aðsetur Karls er í Genf en hann ferðast víða til að kynna sér aðbúnað hjálparstarfsmanna víða um heim og vinna að bættu öryggi þeirra við vinnu sína.

Pálína Ásgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur er einn reyndasti sendifulltrúi á Veraldarvakt Rauða krossins á Íslandi með þriggja áratuga starf að baki í hjálpar- og mannúðarstörfum fyrir Rauða krossinn. Pálína starfar nú höfuðstöðvum Alþjóðaráðsins í Genf sem mannauðstjóri heilbrigðisstarfsfólks.



Móttaka flóttafólks

Tveir sendifulltrúar sóttu ERU (*European Responce Unit Team*) námskeið hjá Rauða krossinum í Noregi í júní og tveir aðilar sóttu grunnnámskeið fyrir verðandi sendifulltrúa erlendis; annar hjá Rauði krossinum í Noregi og hinn hjá Rauða krossinum í Danmörku.

Einn hjúkrunarfræðingur sótti námskeið um skurðaðgerðir á stríðssærðum (*Surgical War Wound Course*) hjá Alþjóðaráði Rauða krossins en umsækjendur voru alls fjórir. Einnig fór verkefnastjóri í áfallahjálp hjá landsskrifstofu og PSS sendifulltrúi (*Pshyco Social Support, áfallahjálp og sálrænn stuðningur*) á ráðstefnu á vegum Alþjóðasambandsins og danska Rauða krossins um sálrænan stuðning við sendifulltrúa sem kallaðist „*How to improve our staff/delegate psychococial health?*“

Einn sendifulltrúi fór á FACT námskeið (*Field Assesment Course Training*) á vegum Alþjóðasambandsins. Þar með bættist við sérþekkingu á PSS, sálrænum stuðningi, innan útkallslista matsteyma Alþjóðasambandsins og Rauða krossins á Íslandi.

Einstaklingar sem fengu grunn- og framhaldsþjálfun voru því alls 31.

Móttaka flóttamanna

Á árinu var tekið á móti 56 flóttamönnum frá Sýrlandi sem dvalið höfðu í Líbanon. Fjórar fjölskyldur fluttu til Akureyrar, samtals 23 einstaklingar. Rauði krossinn á Akureyri tók þátt í móttökunni og fjöldi sjálfbóðaliða kom að verkefninu. Náð samstarf var við fulltrúa sveitarfélagsins sem gekk mjög vel.

Þrjár fjölskyldur fluttu í Kópavog og fjórar í Hafnarfjörð. Rauði krossinn í Reykjavík hélt utan um móttökuna á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við deildirnar í Kópavogi og Hafnarfirði. Verkefnisstjóri Rauða krossins í

Reykjavík vann náð með fulltrúum sveitarfélaganna en fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt í verkefninu.

Stuðningsfjölskyldur voru paraðar við fjölskyldur flóttamanna í upphafi árs og hélt formlegur stuðningur áfram út árið. Hlutverk sjálfbóðaliða er mikilvægt og gengur aðallega út á að mynda tengsl við flóttafólkið og gefa þeim þannig tækifæri til þess að eignast tengslanet, kynnast nýju samfélagi og fá aðstoð við margvísleg mál er snúa að aðlögun að nýju samfélagi.

Flóttafólkið fékk mjög hlýjar móttökur í öllum sveitarfélögum. Almennigur og fyrirtæki voru iðin við að bjóða fram margvíslega aðstoð sem kom sér mjög vel. Til að mynda var öllum börnum gefinn hlífðarfatnaður og internettengingar voru settar upp á öllum heimilum til eins árs fólkinu að kostnaðarlausu. Verslanir gáfu rausnarlegar inneignir í verslunum. Samtök og einstaklingar buðu fram margvíslega aðstoð til að kynna starf sitt og bjóða fólk velkomið í þeirra nærsamfélag. Allt þetta og margt fleira stuðlaði að því að fólk upplifði sig velkomið í íslensku samfélagi sem er mikilvægur liður í gagnkvæmri aðlögun flóttafólks og heimamanna.

Rauði krossinn í samstarfi við móttökusveitarfélögin skipulagði margvíslega samfélagsfræðslu og má þar nefna kynningar á Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, lögreglu, slökkviliði, ríkisskattstjóra, foreldrafærni-námskeið, fræðslu um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi svo eitthvað sé nefnt. Þá var öllum fullorðnum einstaklingum boðið upp á sérstaka fræðslu um einkenni og afleiðingar ofurálags og áfallastreitu. Rauði krossinn skipulagði slík fræðsluerindi einnig fyrir sjálfbóðaliða og starfsfólk Rauða krossins og starfsfólk sveitarfélaga sem kemur að móttöku og þjónustu við flóttafólk, þ.e. starfsfólk grunnskóla, leikskóla, heilsugæslu og félagsþjónustu.

Reglulegir fundir voru haldnir með sjálfboðaliðum sem sinntu stuðningi við flóttafólkið sjálft allt árið. Slíkir fundir eru mikilvægir til þess að sjálfboðaliðar fái þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og fá þar tækifæri til þess að deilda reynslu sinni, skiptast á góðum ráðum og hugmyndum og læra af öðrum. Þá voru einnig haldnir fundir með flóttafólkinu sjálfu til þess að gefa þeim tækifæri á að greina frá upplifun sinni af komunni til landsins og fá upplýsingar um hvað má betur gera og hvers konar þjónusta og stuðningur nýtist þeim best.

Um mitt árið samþykkti ríkisstjórn Íslands að bjóða til landsins öðrum hópi flóttafólks frá Sírylandi sem einnig dvaldi í Líbanon. Í fyrsta sinn var óskað eftir því við Flóttamannastofnun að skoða sérstaklega fjölskyldur sem áttu tengsl til Íslands. Ákvörðun var tekin um að bjóða til landsins átta fjölskyldum, samtals 47 einstaklingum, en þar af voru 11 einstaklingar sem áttu tengsl við flóttafólk hér á landi.

Í nóvember var haldið tveggja daga námskeið um íslenskt samfélag í Beirút fyrir flóttafólk sem bjóða átti til landsins. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Alþjóðlegu fólksflutningsstofnunina (IOM). Fjallað var meðal annars um íslenskt samfélag almennt, réttindi, skyldur og jafnrétti. Þá voru móttökusveitarfélög kynnt fyrir fólki, þ.e. Akureyri, Hveragerði, Selfoss og Reykjavík. Á námskeiðinu var einnig farið yfir stöðu flóttafólks almennt, áhrif þess að flytjast til nýrra heimkynna og reynt að svara þeim spurningum sem brunnu helst á fólki. Í sendinefnd sem fór til Beirút voru fulltrúi velferðarráðuneytisins, fulltrúi Útlendingastofnunar og Rauða krossins.



Flóttafólk frá Beirút

Í lok ársins var hafist handa við undirbúning móttöku næsta hóps. Þá bættust við deildir Rauða krossins í Hveragerði og á Selfossi við Reykjavík og Akureyri. Undirbúningur gekk að öllu leyti vel og ekki ástæða til þess að ætlast til annars en að íslenskt samfélag haldi áfram að taka á móti flóttafólki með hlýhug og opnum örmum.

Hælisleitendur

Á árinu 2016 varð fordæmalaus fjölgun umsókna um alþjóðlega vernd á Íslandi. Spá Rauða krossins á Íslandi gerði ráð fyrir 600-1000 umsækjendum um alþjóðlega vernd árið 2016. Heildarfjöldi umsækjanda varð hins vegar 1.132 samkvæmt upplýsingum Útlendingastofnunar, en árið áður voru þær 354, sem einnig var metár, þannig að um nærri þreföldun var að ræða frá árinu 2015.

Rauði krossinn hefur starfað að málefnum hælisleitenda frá árinu 1987 en með heildrænni nálgun í samræmi við samning innanríkisráðuneytisins og Rauða krossins frá júní 2014 er það mat félagsins að mikill árangur og hagræðing hafi náðst. Sem dæmi má nefna að málsmeðferðartími hælisumsókna hefur styst mikið og tryggt er að allir sem sækja um hæli njóti vandaðrar lögfræðilegar ráðgjafar. Löng og óskilvirk málsmeðferð er ekki aðeins kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð heldur er hún mannskemmandi og getur haft mjög alvarlegar og óafturkræfar afleiðingar fyrir þann sem bíður. Á það við jafnt um þá sem fá alþjóðlega vernd sem og þá sem fá hana ekki og eru sendir til baka.

Til að tryggja vandaða talsmannþjónustu tekur Rauði krossinn á Íslandi virkan þátt í samstarfi annarra Rauða kross félaga í Evrópu, er í virku sambandi við Alþjóða Rauða krossinn, er með samstarfssamningi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og er hluti af ECRE (*e. European Council for Refugees and Exiles*), regnhlífasamtökum sem berjast fyrir hagsmunum flóttafólks og hælisleitenda ásamt því að sækja þjálfun og þekkingu út fyrir landsteinanna.

Með því fyrirkomulagi að láta talsmenn og verkefnastjóra vinna saman í einu teymi er lögð áhersla á heildræna nálgun varðandi réttindi og þjónustu sem hverjum hælisleitanda er nauðsynleg. Talsmenn sinna þeim þáttum er snúa beint að hælisbeiðninni en verkefnastjórar vinna að ýmsum félagslegum málum, s.s. er varða virkni og hvatningu til samfélagslegrar þátttöku, eftirlit með aðbúnaði í búsetu og almennri andlegri líðan. Reynsla Rauða krossins hefur sýnt að þessir tveir verkþættir fara vel saman og styður félagsstarf og stuðningur í daglegu lífi vel við hælisleitendur og auðveldar þeim að takast á við hælisumsókn sína með stuðningi síns talsmanns.

Þá hefur heildræn nálgun Rauða kross teymisins og stuðningur sálfræðinga og sérfræðinga Rauða krossins í áfallahjálp reynst mikilvægur í alvarlegum tilfellum er varða hælisleitendur, s.s. hungurverkföllum, sjálfsvígstíllraunum og sjálfsvígum. Þá hafa verkefnastjórar Rauða krossins getað svarað mörgum spurningum sem annars hefði þurft að leita til talsmanna Rauða krossins eða starfsmanna Útlendingastofnunar með og léttu þannig álagi af þeim starfsmönnum.



Stúlknaþópur í Malaví

Til að sinna félagslegu hjálparstarfi er boðið upp á opna viðtalstíma. Í Reykjavík voru fastir tímar tvisvar í viku og hálfsmánaðarlega í Arnarholti og Reykjanesbæ.

Vegna aukins fjölda hælisleitenda hefur Rauði krossinn leitast við að auka félagslega þátttöku hælisleitenda í skipulögðum viðburðum á vegum félagsins. Boðið upp á fjölbreytt virkni úrræði til að mæta þörfum og áhugasviði sem flestra.

Á grundvelli samningsins störfuðu í árslok 2016 tólf lögræðingar í fullu starfi, tveir laganemar í hlutastarfi, fjórir verkefnastjórar á landsskrifstofu í fullu starfi og þrjú verkefnastjórar hjá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ (samtals 2,6 stöðugildi) í svokölluðu hælisleiteymi Rauða krossins. Hælisleiteymi Rauða krossins tilheyrir hjálpar- og mannúðarsviði og hefur sviðsstjóri þess sviðs auk upplýsingafulltrúa, sviðsstjóra neyðarvarna, framkvæmdastjóra og annarra unnið mikið að málefnum hælisleitenda. Þá starfa með hælisleiteyminu að auki um fimmtíu sjálfboðaliðar. Auk þess nýtur teymið reglulegrar handleiðslu sálfræðings og stuðnings annarra starfsmanna félagsins, svo sem í fjölmiðla- og búsetumálum hælisleitenda.

Þjónusta Rauða krossins við hælisleitendur 2014-2017

Rauði krossinn tók við talsmannþjónustu og félagslegu hjálparstarfi fyrir hælisleitendur samkvæmt samningi við innanríkisráðuneytið árið 2014 og hófst þjónusta Rauða krossins þann 25. ágúst það ár.

Á fyrstu mánuðum starfsins var lögð áhersla á að móta nýtt kerfi og að vinna að því að skapa sameiginlegan

skilning um framkvæmd með það í huga að með samstarfi og virku samtali yrðu ágallar sem gætu komið upp í kerfinu sniðnir af. Samskipti Rauða krossins eru fyrst og fremst við Útlendingastofnun og kæruneftnd útlendingamála en einnig við innanríkisráðuneytið, sveitarfélög og hinar ýmsu stofnanir og samtök sem koma að málefnum hælisleitenda.

Allt frá upphafi verkefnisins hefur Rauði krossinn sinnt víðtæku fræðslustarfi um málaflokkinn, tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi bæði innan hreyfingar og utan, verið í reglulegu samtali við Flóttamannastofnun SP í Stokkhólmi, sinnt neyðartilvikum í áfallahjálpi og stuðningi í tilfellum hungurverkfalla og sjálfsvígstílauna.

Forsendur þess að Rauði krossinn tók að sér talsmannþjónustu við hælisleitendur

Áður en Rauði krossinn tók við talsmannþjónustu fyrir hælisleitendur sinntu tugir sjálfstætt starfandi lögmanna talsmannþjónustu. Markmið Rauða krossins var að byggja enn frekar upp sérhæfða þekkingu á málaflokknum og tryggja að allir umsækjendur um hæli fengju jafn góða og vandaða talsmannþjónustu eins og hún gerist best. Í því augnamiði hefur félagið lagt mikla áherslu á að virkja erlent samstarf, þjálfa starfsfólk og starfa í teyllum þar sem hvert mál er yfirfarið af reyndum lögræðingi.

Áður en félagið féllst á að taka að sér hlutverk talsmanna var lagt upp með það markmið að málsmeðferð hælisumsókna yrði styttr verulega frá því sem áður var, hún yrði vandaðri og var sú forsenda lögð til grundvallar að allt kerfið myndi virka á skilvirkan og réttlátan hátt. Vitað var að ágreiningur gæti komið upp á milli Rauða

krossins og stjórnvalda varðandi túlkun laga, framkvæmd og einstök mál en þrátt fyrir slíkan ágreining hefur samstarfið gengið vel.

Hér að neðan má sjá samanburð á málsmeðferðartíma á árunum 2009 til 2012 og svo aftur sambærilegar tölur fyrir árin 2015 og 2016. Rauði krossinn hefur ekki sambærilegar tölur fyrir árið 2009. Á sama tíma og fjöldi umsókna og fjöldi ákvarðana Útlendingastofnunar hefur aukist gríðarlega mikið hefur málsmeðferðartími á sama tíma styst mikið og er það mat Rauða krossins og málsmeðferð hafi almennt einnig batnað og sé faglegri en áður.

Meðalafgreiðslutími Útlendingastofnunar eftir ákvörðunum í dögum talið ³	2009	2010	2011	2012
Synjun á hæli og dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f	370	260	263	310
Dyflinnar endursending	108	81	106	137
Réttarstaða flóttamanna og viðbótarvernd	203	168	251	383
Dvalarleyfi á grundvelli 12. gr. f	562,5	446	0	1332
Meðaltal afgreiðslutíma umsókna á milli ára	303	234	178	229
Fjöldi ákvarðana	41	33	50	55

Meðalafgreiðslutími hælissúmsókna hjá UTL eftir tegund málsmeðferðar ⁴	2015	2016
Dyflinnarmeðferð	85	85
Efnismeðferð	184 (89)	79
Hefðbundin efnismeðferð	-	142
Forgangsmeðferð	-	36
Allar umsóknir	166 (89)	80
Alls	276	817

Þegar þær stofnanir sem sinna málefnum hælisleitenda virka ekki sem skyldi getur orðið mikið álag á búsetuúrræði, álag eða ofurálag á þá einstaklingar sem bíða niðurstöðu og kostnaður orðið meiri en ella.

³ Heimild: Rauði krossinn.

⁴ Heimild: Útlendingastofnun.

Tillögur Rauða krossins og ábendingar til stjórnvalda miða iðulega að því að gera hæliskerfið skilvirkara, réttlátara, draga úr kostnaði, auka réttaröryggi hælisleitenda og stuðla að farsælli samlögun þeirra sem hér fá vernd. Tillögurnar miða jafnframt að farsælli enduraðlögun þeirra sem ekki fá dvalarleyfi á Íslandi, í þeim löndum sem viðkomandi verður sendur aftur til.

Nánar um þjónustu Rauða krossins við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Á þeim tíma sem Rauði krossinn hefur sinnt talsmannþjónustunni hefur safnast upp umfangsmikil sérþekking á málaflokknum hjá félaginu og þeim talsmönnum, verkefnastjórum og sjálfboðaliðum sem fara með þessi mál sem og öðrum starfsmönnum sem koma að málaflokknum með einum eða öðrum hætti. Lögfræðingar Rauða krossins sinna eingöngu málefnum hælisleitenda. Með því fyrirkomulagi að skipa talsmönnum og verkefnastjórum í sérhæfð teymi er lögð áhersla á heildræna nálgun varðandi réttindi og þjónustu sem hverjum hælisleitanda er nauðsynleg.

Hagsmunagæsla Rauða krossins samkvæmt samningnum við innanríkisráðuneytið felst meðal annars í hlutlausum og óhlutdrægum leiðbeiningum til hælisleitenda, þátttöku í greiningu sérstaklega viðkvæmra hælisleitenda við móttöku, ráðgjöf til hælisleitenda og viðveru í viðtölum hjá stjórnvöldum vegna hælissúmsóknarinnar, viðveru og ráðgjöf við birtingu ákvarðana stjórnvalda, leiðbeiningum um kæruleiðir og framhald máls, ritun greinargerða eftir þörfum og aðstoð við að koma gögnum og upplýsingum á framfæri við stjórnvöld á báðum stjórnsýslustigum.

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða og leggja starfsmenn Rauða krossins sig fram við að veita alla þá ráðgjöf og leiðbeiningar sem umsækjendur um vernd þarfnast við meðferð umsóknar sinnar hjá íslenskum stjórnvöldum, og á það við á báðum stjórnsýslustigum. Þessu til viðbótar er rétt að nefna að aðgengi hælisleitenda að talsmönnum Rauða krossins er afar gott. Er þjónustan veitt óháð búsetu viðkomandi og hafa talsmenn nýtt húsnæði Rauða krossins í búsetusveitarfélögum hælisleitenda sem og húsnæði landsskrifstofu til ráðgjafarviðtala við skjólstaðinga sína. Í ráðgjafarviðtölum er boðið upp á túlkajónustu en það er jafnframt gert í opnum viðtalstímum hælisleitenda sem verkefnastjórar annast í hverri viku. Mikilvægi þess að hælisleitandi geti tjáð sig á tungumáli sem hann hefur gott vald á verður ekki dregið í efa og er sú túlkajónusta sem Rauði krossinn hefur boðið uppá einkar mikilvæg en fáir hælisleitendur nutu slíkrar þjónustu áður í samskiptum sínum við lögmenn.

Rétt er að ítreka að samkvæmt samningi Rauða krossins við innanríkisráðuneytið gæta talsmenn á vegum Rauða krossins hagsmuna hælisleitenda ein-göngu á stjórnýslustigi. Í þeim tilvikum er hælisleitendur fá endanlega synjun um vernd á Íslandi eiga þeir kost á að leita til sjálfstæðra lögmanna vilji þeir láta reyna á að fara með mál sitt fyrir dómstóla. Hefur Rauði krossinn átt gott samstarf við lögmenn sem láta sig málaflökkinn varða og upplýsir þá með reglubundnum hætti um nýjustu straua og stefnur í þeim málum sem hafa verið til umfjöllunar. Þá hafa lögmenn getað leitað eftir aðstoð hjá Rauða krossinum vegna tiltekinna mála sem þeir fara með og öfugt.


Aukin aðkoma Rauða krossins að málefnum hælisleitenda á Íslandi er í samræmi við grundvallarhugsjónir Rauða kross hreyfingarinnar og sú aðkoma hefur stuðlað að bættri hagsmunagæslu fyrir hælisleitendur á sama tíma og tekist hefur að stytta og bæta málsmeðferð hælisleitenda á Íslandi. Rauði krossinn hefur stöðlutverki að gegna við stjórnvöld en sinnir verkefnum á eigin forsendum og á grundvelli þarfa þeirra sem félagið aðstoðar hverju sinni.

Tölfræði hælismála:

Heildarfjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi árið 2016 voru 1132 samkvæmt tölum frá Útlendingastofnun. Samtals fengu 111 manns vernd, viðbótarvernd eða mannúðarleyfi en 437 var synjað um alþjóðlega vernd á Íslandi. Samkvæmt tölfræði frá kærunefnd útlendingamála afgreiddi nefndin 446 mál árið 2016.

Niðurstöður afgreiddra mála	
Heildarfjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd	1132
Fjöldi þeirra sem fengu vernd	58
Fjöldi þeirra sem fengu viðbótarvernd	39
Fjöldi þeirra sem fengu mannúðarleyfi	14
Fjöldi synjana	437
Þar af: Dublin endursendingar	224
Vernd í öðru ríki	46
Dregið til baka	159


Fjöldi skráðra hælisumsókna árið 2016



Fjöldi viðtala talsmanna hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála

Heildarfjöldi hælisviðtala sem talsmenn Rauða krossins sóttu hjá Útlendingastofnun árið 2016 voru 961 og þar af voru 8 viðtöl tekin í Barnahúsi. Að meðaltali voru 80 viðtöl á mánuði hjá Útlendingastofnun. Fæst viðtöl voru í janúar eða 29 og flest í desember eða 198. Laga-breytingar sem tóku gildi um mitt ár 2016 sem fólu í sér að kærunefnd er gert að meta þörfina á því hvort nauðsynlegt sé að kærundur mæti til viðtals leiddu til þess að ekki eru tekin viðtöl hjá kærunefndinni nema í undantekningartilfellum. Frá miðju ári hefur viðtölum hjá kærunefnd útlendingamála því fækkað verulega. Að meðaltali voru tekin 14 viðtöl á mánuði hjá kærunefndinni, flest í maí eða 32 og fæst í október eða 2.

Viðtöl hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála




Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá talsmönnum Rauða krossins

Talsmenn hjá Rauða krossinum bjóða skjólstaðingum sínum upp á ráðgjafaviðtöl í tengslum við umsóknir þeirra um hæli. Ráðgjafaviðtöl á skrifstofu Rauða krossins voru samtals 748 á árinu. Athyglisvert er að fjöldi ráðgjafaviðtala er nokkuð stöðugur þrátt fyrir aukinn fjölda hælisleitenda á seinni hluta ársins. Má leiða að því líkum að því að breytt vinnubrögð við afgreiðslu forgangsmála hafi þar eitthvað að segja.

Í nýju verklagi fara hælisviðtöl hjá Útlendingastofnun almennt fram mjög fljótlega eftir að hælisleitendur koma til landsins og málsmeðferðartími í heild er mun styttri en áður. Því er oft minni tími fyrir hælisleitendur til að óska eftir og fá viðtal við talsmann sinn og í einhverjum tilvikum minni þörf á slíku viðtali. Talsmenn bjóða skjólstaðingum sínum einnig upp á símaviðtöl með túlkun en ekki hefur verið haldið utan um fjölda þeirra.

Heildarfjöldi viðtala er hins vegar áætlaður í kringum 1000 á árinu 2016, að meðtöldum símaviðtölum.


Ráðgjafaviðtöl hjá Rauða krossinum



Fjöldi birtra ákvarðana hjá Útlendingastofnun og kæruneftnd útlendingamála (KNÚ)

Heildarfjöldi birtra ákvarðana hjá Útlendingastofnun á árinu 2016 voru 643 og 364 hjá kæruneftnd útlendingamála. Sjá má mikla aukningu í birtingu ákvarðana bæði hjá Útlendingastofnun og kæruneftndinni á seinni hluta árs, í takt við fjölgun hælisleitenda.

Birtingar Útlendingastofnunar og KNÚ



Fjöldi afturkallaðra hælissúmsókna

Alls voru 162 hælissúmsóknir afturkallaðar á árinu 2016. Langflestar afturkallanir fóru fram í nóvember og desember eftir að Útlendingastofnun fór að beita

brottvísun og endurkomubanni gagnvart þeim hælissúmsúmsóknum sem metnir voru í forgangsmeðferð. Leiddi það til þess að töluverður fjöldi hælissúmsúmsókna mat það sem svo að vænlegra væri að draga til baka úmsókn en fá ákvörðun um endurkomubann inn á Schengen-svæðið ef hælissúmsúmsókn væri hafnað.



 **ráðgjafi kross Íslands**



Fjármál

2016



Tekjur og framlög 2016

Heildartekjur Rauða krossins til verkefna á árinu 2016 voru 2.436 milljónir króna og hækkuðu um 30% á milli ára. Tekjur af söfnunarkössum voru alls 560 milljónir króna sem er 13% aukning frá fyrra ári.

Frjáls framlög námu 357 milljónum króna og hækkuðu um 48 milljónir króna á milli ára. Þar af voru framlög Mannvina 155 milljónir króna. Félagsgjöld til deilda Rauða krossins voru 26 milljónir króna. Framlög frá almenningi og fyrirtækjum vegna neyðaraðstoðar námu alls rúmum 40 milljónum króna. Stærsta einstaka framlagið var styrkur frá Land Rover í Bretlandi vegna neyðarverkefnisins 3 dagar.

Framlag fatasöfnunar var 73 milljónir króna sem er 11 milljónum króna lægra en árið 2015, en eins og árið á undan var miklu til kostað í endurbætur verslana.

Til ráðstöfunar voru alls 2.152 milljónir króna til verkefna sem er 413 milljón krónum meira en árið á undan. Mest fór til innlendra verkefna, alls 803 milljónir króna eða

37% af heildarframlögum. Framlög innanlands jukust um rúmar 200 milljónir milli ára og sem skýrist að stærstum hluta af aukinni aðstoð við flóttamenn og hælisleitendur sem byggir á samningum við íslenska ríkið.

Alls var ráðstafað 474 milljónum til alþjóðlegs hjálparstarfs sem er 22% af heildarframlögum og aukning um rúmar 150 milljónir króna á milli ára. Þar af voru framlög frá Utanríkisráðuneytinu til neyðar- og þróunarverkefna alls 255 milljónir króna. Stærstu framlögin fóru til Sýrlands og landanna við Miðjarðarhaf til aðstoðar við flóttamenn (99 m.kr.), til verkefna í Líbanon (64 m.kr.) og til verkefna í Hvíta Rússlandi (43 m.kr.). Einnig fóru stór framlög til Malaví, Sómalíu, Úganda og Kákasus.

Tekjur af sjúkraflutningum jukust um 63 milljónir króna á ári og hagnaður Sjúkrabílasjóðs nam 157 milljónum króna.

Aukin umsvif á árinu endurspeglast í fjölgun starfsmanna, en á launaskrá hjá Rauða krossinum í heild voru að meðaltali 100 starfsmenn á árinu samanborið við 87 árið áður.

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2016	2015	2014	2013	2012
Söfnunarkassar	560	497	497	447	456
Frjáls framlög	357	340	322	311	207
Samningar við stjórnvöld	731	374	348	304	279
Sjúkraflutningar	323	265	224	191	161
Sölustarfsemi	390	309	320	294	269
Aðrar tekjur	75	88	219	93	117
Samtals	2.436	1.873	1.929	1.641	1.489


Framlög til verkefna í milljónum króna	2016	2015	2014	2013	2012
Alþjóðahjálparstarf	414	255	304	350	289
Alþjóðasamstarf	60	67	52	58	38
Innanlandsstarf	803	598	603	463	517
Sjúkraflutningar	378	399	337	307	277
Hjálparsíminn	32	32	30	27	26
Athvörf Rauða krossins	95	91	78	81	75

Sundurliðun innanlands	2016	%
Deildarstarf	169	21%
Skynðihjálp og neyðarvarnir	75	9%
Athvörf Rauða krossins	95	12%
Hjálparsíminn	32	4%
Flóttamenn og hælisleitendur	215	27%
Einstaklingsaðstoð	20	2%
Félagslegur stuðningur	98	12%
Önnur innanlandsverkefni	98	12%
Samtals	802	100%

Alþjóðlegt hjálparstarf	2016	%
Neyðaraðstoð	338	82%
Þróunarsamvinna	43	10%
Sendifulltrúar	33	8%
Samtals	255	100%

Tekjur og útgjöld 2016

Próun tekna síðustu 5 ár




Heildartekjur Rauða krossins á Íslandi á árinu 2016 námu 2.436 milljónum króna

Skipting útgjalda eftir verkefnum



Alþjóðaverkefni



Landsskrifstofa Rauða krossins
Efstaleiti 9
103 Reykjavík
Sími 570 4000
central@redcross.is
www.raudikrossinn.is

